

RIKK – RANNSÓKNASTOFNUN Í JAFNRÉTTISFRÆÐUM
20. MARS 2025

Kortlagning á stöðu, líðan og réttindum hinsegin fólks á Íslandi

Höfundur: Þorsteinn Vilhjálmsson, doktor í gagnrýnum fræðum

Efnisyfirlit

1.	Inngangur.....	1
1.1.	Staða þekkingar.....	3
1.2.	Lagaleg réttindi	5
2.	Staða og líðan hinsegin fólks á Íslandi út frá fyrirbyggjandi gögnum og rannsóknum.....	7
2.1.	Ungt fólk.....	8
2.2.	Trans og kynsegin fólk.....	9
2.3.	Hinsegin flóttafólk, hælisleitendur og innflytjendur.....	10
2.4.	Fullorðið hinsegin fólk í parasamböndum	12
2.5.	Samantekt.....	13
3.	Staða og líðan hinsegin fólks út frá nýjum rannsóknum	15
3.1.	Inngangur	15
3.2.	Mat á eigin líðan og stöðu.....	16
3.3.	Vinumarkaðurinn	17
3.4.	Heilbrigðiskerfið	17
3.5.	Staða hinsegin fólks af erlendum uppruna	19
3.6.	Fordómar, áreiti og áreitni.....	20
3.7.	Bakslagið	21
3.8.	Mikilvægustu réttindin.....	26
3.9.	Mikilvægi félagslegs rýmis	27
3.10.	Hugmyndir að aðgerðum	30
4.	Samantekt og niðurstöður.....	34
	Heimildaskrá.....	38
	Viðauki 1: Kynningarbréf.....	43
	Viðauki 2: Upplýst samþykki	44
	Viðauki 3: Spurningalisti.....	45
	Viðauki 4: Viðtalsvísir	46

1. Inngangur

Þann 1. mars 2022 lagði forsætisráðherra, Katrín Jakobsdóttir, fram þingsályktunartillögu um aðgerðaáætlun í málefnum hinsegin fólks 2022–2025. Í þriðja lið áætlunarinnar var lagt til að forsætisráðuneytið myndi fara fyrir kortlagningu á stöðu og réttindum hinsegin fólks á Íslandi. Markmiðið væri að skapa þekkingu og gera stjórnvöldum kleift að „útfæra frekari aðgerðir til hagsbóta fyrir hinsegin fólk“. Þá yrði „horft til löggjafar og stefnumótunar stjórnvalda, stöðu hinsegin barna og ungmenna í skólum, stöðu á vinnumarkaði, stöðu eldri borgara innan hinsegin samfélagsins, aðgengis að félagslegri þjónustu og þjónustu heilbrigðiskerfisins og almennt til félagslegrar stöðu og réttinda“ (Jakobsdóttir 2022). RIKK—Rannsóknastofnun í jafnréttisfræðum við Háskóla Íslands skyldi falið að framkvæma rannsóknina.

Í þinglegri meðferð tók þingsályktunin nokkrum breytingum. Þegar hún var á endanum samþykkt þann 13. júní 2022 höfðu tveir liðir bæst við áætlunina. Fjórði liður kvað nú á um að rannsaka sérstaklega líðan hinsegin öryrkja og aldraðra en fimmti liður að rannsaka líðan hinsegin fólks á landsbyggðinni („Þingsályktun um aðgerðaáætlun í málefnum hinsegin fólks fyrir árin 2022–2025“ 2022). Á endanum var ákveðið að sameina í einn verkþátt ofangreinda liði 3–5 í aðgerðaáætluninni. RIKK skyldi því kortleggja stöðu, réttindi og líðan hinsegin fólks á Íslandi með sérstöku tilliti til hinsegin öryrkja, aldraðra og hinsegin fólks á landsbyggðinni. Rannsakandi, Þorsteinn Vilhjálmsson, þá doktorsnemi (nú doktor) í menntavísindum með sérhæfingu í gagnrýnum fræðum, var ráðinn til að framkvæma rannsóknina í febrúar 2024. Í samræmi við fjárheimildir voru þrjú mann mánuðir ætlaðir til verksins. Skipaður var rannsóknarhópur fræðimanna sem skyldi aðstoða rannsakanda og veita verkefninu fræðilegt aðhald. Í þeim hópi sátu Auður Magnús Auðardóttir, lektor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands, Guðbjörg Ottósdóttir, dósent við Félagsvísindasvið sama skóla, og Jón Ingvar Kjarn, prófessor við Menntavísindasvið sama skóla. Einnig var safnað í samráðshóp úr hinsegin samfélaginu fyrir verkefnið, þar sem félögin Samtökin '78 (S78), Trans Ísland (TÍ) og Intersex Ísland (ÍÍ) tilnefndu fulltrúa. Fulltrúarnir voru Kitty Anderson úr ÍÍ, Þorbjörg Þorvaldsdóttir og Hannes Pálsson úr S78 og Reyn Alpha Magnúsdóttir og Aró Jónasar úr TÍ.

Erfiðleikarnir sem blasa við þessu verkefni eru augljósir. Í umsögn sinni um þingsályktunartillöguna sem liggur verkefninu að baki lýsti S78 yfir áhyggjum af því að fjármunirnir sem lagðir voru í kortlagningarverkefnið „muni alls ekki duga til að kanna stöðuna nægilega vel“ enda sé „rannsóknin ... afar yfirgripsmikil“—og þetta var skrifað áður en við hana bættist sérstök áhersla á stöðu hinsegin aldraðra og öryrkja og hinsegin fólks á landsbyggðinni. Því hvöttu S78 stjórnvöld til að „bæta í“ og fá „fleiri aðila að borðinu við gerð rannsóknarinnar því viðfangsefnin eru ólík og krefjast sjónarhorns fleiri en færri aðila“ (Bjarnason og Arnarsson 2022). Þeirri hvatningu var ekki hlýtt og því er skýrslan sem hér birtist verulegum takmörkunum háð. Rannsóknarefnið er miklu stærra en svo að þrjú mann mánuðir dugi til þess að gera því nægileg skil; til að gera fullnægjandi grein fyrir stöðu og líðan alls hinsegin fólks á Íslandi, sérstaklega þeirra hópa sem nefndir eru í þingsályktunartillögunni,

þyrfti eitthvað í líkingu við öndvegisverkefnastyrk (og helst nokkra slíka styrki) frá RANNÍS, þar sem teymi sérfræðinga myndu starfa í nokkur ár samfleytt við rannsóknir og skrif.

Í byrjun kortlagningarverkefnisins hélt rannsakandi fund með rannsóknarhópi verkefnisins þar sem rætt var um hvernig best væri að vinna úr þessari stöðu. Fræðimennirnir í rannsóknarhópnum bentu á að ekkert væri minnst á *fyrirliggjandi* rannsóknir í þingsályktuninni sem liggur verkefninu að baki. Með því að nýta þær væri hægt að afmarka hvar helst væri þörf á frekari rannsóknum og einblína síðan á þær gloppur í rannsóknarvinnu kortlagningarverkefnisins. Niðurstaðan yrði engu að síður alltaf aðeins vegvísir; hún gæti aldrei orðið tæmandi niðurstaða um efnið. Þannig var ákveðið að rannsókn verkefnisins skyldi fara fram á eftirfarandi hátt: Fyrst yrði gerð rannsókn á stöðu fræðilegrar þekkingar á stöðu og líðan hinsegin fólks á Íslandi. Fyrirliggjandi rannsóknum seinustu ára á viðfangsefninu skyldi safnað saman, þær lesnar og metnar hver í samhengi við aðra. Því næst yrði metið hvar helst skorti þekkingu og í samræmi við það færi fram afmörkuð rannsókn sem beindist að því að fylla í umræddar gloppur. Þannig væri hinu takmarkaða fjármagni og tíma verkefnisins best varið.

Í samræmi við þetta mun í þessari skýrslu reynt að varpa ljósi á stöðu, líðan og réttindi hinsegin fólks á Íslandi annars vegar út frá fyrirliggjandi gögnum úr þegar framkvæmdum og birtum rannsóknum frá undanförunum árum og hins vegar með nýjum rannsóknum. Þær síðarnefndu skiptast í tvennt. Annars vegar var framkvæmd eigindleg könnun með rafrænni spurningakönnun sem dreift var af S78 til hinsegin fólks á Íslandi. Spurningarnar voru bæði á ensku og íslensku og má lesa þær í Viðauka III. Boðið var upp á opin svör þar sem svarendur voru hvattir til að lýsa eigin líðan og stöðu með eigin orðum. Könnunin var nafnlaus. Þessi hluti rannsóknarinnar var ætlaður til að veita umfjölluninni breidd. Hinn hluti rannsóknarinnar átti að fara á dýptina en það var gert með viðtalsrannsókn. Þrjú löng viðtöl voru tekin og voru viðmælendur valdir úr hópum hinsegin fólks sem litlar fræðilegar upplýsingar liggja fyrir um—eldra hinsegin fólk, hinsegin öryrkjar, hinsegin fólk á landsbyggðinni og tvíkynhneigt fólk.

Bygging þessarar skýrslu tekur mið af verkferlinu. Hún er í fjórum hlutum. Í fyrsta hluta verður gerð grein fyrir stöðu þekkingar út frá fyrirliggjandi rannsóknum og bent á gloppurnar sem þar finnast auk þess sem lagaleg réttindi hinsegin fólks verða reifuð. Í öðrum hluta verður staða og líðan hinsegin fólks á Íslandi kortlögð út frá fyrirliggjandi gögnum. Í þriðja hlutanum verða kynnt ný gögn um stöðu og líðan hinsegin fólks sem safnað hefur verið með spurningakönnun annars vegar og viðtalsrannsókn hins vegar. Í fjórða hlutanum verður greint frá niðurstöðum og tillögur lagðar fram um frekari aðgerðir. Þá birtast aftast fylgiskjöl úr rannsóknum sem voru unnar fyrir skýrsluna í fjórum viðaukum.

1.1. Staða þekkingar

Hinsegin fólk á Íslandi er afar fjölbreyttur hópur en skemmst er frá því að segja að sá fjölbreytileiki endurspeglast ekki nægilega í fyrirliggjandi félagsfræðilegum rannsóknum. Í skýrslu sem unnin var fyrir Norrænu ráðherranefndina árið 2023 um stöðu hinsegin aldraðra er til dæmis vakin athygli á því að engar upplýsingar sé að fá um málefnið frá Íslandi. Engar rannsóknir hafi verið gerðar og engar heimildir til taks til að vísa í (Bromseth og Siverskog 2023, 68, 92–93). Þá eru heldur engar rannsóknir sem einblína sérstaklega á stöðu og líðan hinsegin fólks á landsbyggðinni. Hins vegar vekur það strax athygli hversu margar rannsóknir hafa verið gerðar á stöðu og líðan ungs hinsegin fólks (sérstaklega samkynhneigðs fólks) á höfuðborgarsvæðinu (sjá t.d. Kjaran 2017; 2015; 2014; 2016; Þorsteinsson o.fl. 2017; Francis, Oddsson, og Kjaran 2020; Gísladóttir o.fl. 2018; Kjaran og Jóhannesson 2013; 2010; 2011; Sæmundsdóttir og Arnarsson 2020; Freysteinsdóttir 2020). Raunar má segja að æskulýðsrannsóknir gnæfi yfir öllum öðrum á sviðinu.

Þegar kemur að öðrum hópum hinsegin fólks þá er staðan mjög mismunandi. Á seinustu árum hafa verið gerðar nokkrar rannsóknir á stöðu hinsegin fólks af erlendum uppruna á Íslandi, þar með talið flóttafólks (Sólveigar- og Guðmundsdóttir 2023; 2024; Sólveigar- og Guðmundsdóttir og Skaptadóttir 2017; Steinþórsdóttir 2019; Gunnarsson 2021). Á ritunartíma þessarar skýrslu er einnig yfirstandandi rannsóknarverkefnið „Hinsegin flóttafólk í hinsegin paradís: Félagsleg inngilding og útskúfun“ hjá Háskóla Íslands, sem Guðbjörg Ottósdóttir dósent í félagsráðgjöf fer fyrir („Hinsegin flóttafólk í hinsegin paradís: Félagsleg inngilding og útskúfun“, e.d.). Því má búast við að þekking á þeim málaflokkum muni aukast á næstu árum með birtingum greina úr verkefninu. Líðan og staða samkynhneigðra para og foreldra hefur einnig verið viðfang nokkurra rannsókna (sjá t.d. Einarsdóttir 2013; 2016; Auðardóttir og Ellenberger 2024). Þá hafa nokkrar vandaðar rannsóknir birst á stöðu og líðan trans og kynsegin fólks á Íslandi (sjá t.d. Kristjónudóttir Jónsdóttir 2017; Josephson, Einarsdóttir, og Sigurðardóttir 2017; Davíðsdóttir 2017; Kjerúlf 2022; Hönnudóttir 2023). Um tvíkynhneigt fólk og intersex fólk á Íslandi ríkir hins vegar mikill skortur á þekkingu.

Þannig sést vel hvar helstu gloppurnar eru í fyrirliggjandi þekkingu á stöðu og líðan hinsegin fólks á Íslandi. Þegar kemur að ungu samkynhneigðu fólki á höfuðborgarsvæðinu er þekkingin orðin ágæt (þótt alltaf megi bæta hana). Mun minni þekking er til á öllum öðrum hópum en alveg sérstaklega vantar þekkingu á eldra hinsegin fólki, hinsegin öryrkjum, tvíkynhneigðu fólki, intersex fólki, og hinsegin fólki á landsbyggðinni. Þó ber að hafa í huga að þessir hópar geta auðvitað skarast; einstaklingur getur tilheyrt fleiri en einum hverju sinni.

Hér er vert að velta því fyrir sér hvaðan þessi áhersla á ungt samkynhneigt fólk á höfuðborgarsvæðinu á kostnað annarra hópa kemur. Fyrst ber að nefna hversu mikil áhersla hefur verið á æskulýðsrannsóknir í íslenskum félagsvísindum almennt. Hérlandis hefur lengi tíðkast að gera stórar rannsóknir á ungu fólki í samstarfi við grunn- og framhaldsskólana og þar ber Íslenska æskulýðsrannsóknin (ÍÆ) hæst. Þá er áherslan á samkynhneigða á kostnað

annarra hinsegin hópa rótgróin ekki bara á Íslandi heldur víða um heim og hefur raunar hlotið sérstakt heiti: „Samkynhneigð viðmið“ (e. *homonormativity*) (Duggan 2003; Stryker 2008; „Samkynhneigð viðmið“, e.d.).

Þessi samkynhneigðu viðmið endurspeglast í tveimur opinberum skýrslum sem líta má á sem fyrirrennara þessarar. Árið 1994 kom út söguleg *Skýrsla nefndar um málefni samkynhneigðra* sem gerð var samkvæmt þingsályktunartillögu frá árinu 1992 (Grétarsson 1994). Skýrslan braut blað enda var nefndarvinnan sem lá að baki henni upphafspunktur samvinnu ríkisvaldsins og S78. Skýrslan leiddi til fyrstu lagasetningarinnar sem tók á málefnum hinsegin fólks, til dæmis banni við mismunun á grundvelli kynhneigðar og innleiðingu staðfestrar samvistar (þ.e. takmarkaðs giftingarforms fyrir samkynja pör). Árið 2004 var þeirri skýrslu fylgt eftir með annarri *Skýrslu um réttarstöðu samkynhneigðra* þar sem árangur undanfarinna 10 ára var metinn og stungið upp á nýjum aðgerðum til þess að afnema misrétti gagnvart samkynhneigðum í íslenskum lögum (Nefnd um réttarstöðu samkynhneigðra 2004). Af þeirri skýrslu leiddi löggjöf sem gerði samkynhneigðum pörum kleift að ættleiða börn til jafns við gagnkynhneigð pör og jafnaði lögformlegt gildi staðfestrar samvistar og gagnkynhneigðs hjónabands, til að nefna aðeins tvö dæmi um umbætur í kjölfar hennar. Þó sést berlega af heitum beggja skýrsla að sjónarhorn þeirra var takmarkað. Aðeins var horft til samkynhneigðra, íslenska ríkisborgara. Tvíkynhneigðir og trans fólk, til dæmis, komu varla við sögu en hvorugur hópurinn átti sér formleg samtök eða málsvara á útgáfutíma skýrslanna.¹ Því er sú skýrsla sem hér birtist sú fyrsta sinnar tegundar í því að horfa til alls hinsegin fólks (en ekki bara samkynhneigðra) á Íslandi (en ekki bara íslenskra ríkisborgara).

Þannig sést vel að markmið skýrslu eins og þessarar felst einkum í því að reyna að víkka hið hefðbundna sjónarsvið opinberrar umræðu um hinsegin fólk frá því að ná aðeins yfir samkynhneigða, íslenska ríkisborgara (oftast á höfuðborgarsvæðinu) yfir í að ná yfir þá hópa sem hafa verið minna sýnilegir hingað til—eldra hinsegin fólk, hinsegin fólk á landsbyggðinni, tvíkynhneigða, intersex fólk, hinsegin öryrkja, hinsegin flóttafólk, kynsegin fólk o.s.frv. En áður en fjallað verður um fyrirbyggjandi fræðilegar rannsóknir á stöðu og líðan hinsegin fólks á Íslandi er vert að gera stutta samantekt um þann lagaramma sem það býr við á ritunartíma þessarar skýrslu og þau lagalegu réttindi sem það nýtur.

¹ Á 10. áratugnum komu upp deilur innan S78 þar sem tvíkynhneigðir meðlimir vildu breyta undirtitli Samtakanna úr „Félag lesbía og homma á Íslandi“ í „Félag lesbía, homma og tvíkynhneigðra á Íslandi“. Þegar tillögu þess efnis var hafnað á aðalfundi S78 árið 1993 gengu margir tvíkynhneigðir meðlimir, ásamt samkynhneigðum meðlimum sem studdu þá, úr S78 og stofnuðu ný samtök, Félagið, sem var skammlifað. Trans Ísland var ekki stofnað fyrr en þá titlaði S78 sig enn „félag lesbía og homma á Íslandi“. Nafninu var breytt ári síðar.

1.2. Lagaleg réttindi

Lagaleg réttindi hinsegin fólks á Íslandi hvíla á grundvelli margvíslegra laga. Fyrst ber að nefna lög um jafna meðferð utan vinnumarkaðar (85/2018) og á vinnumarkaði (86/2018), en þau hafa, síðan árið 2022, bannað hvers kyns mismunun og áreitni á grundvelli mismunabreyta svo sem kynhneigðar, kynvitundar, kyneinkenna eða kyntjáníningar. Lög um grunnskóla (91/2008) taka einnig sérstaklega fram að skólar megi ekki mismuna nemendum vegna kynhneigðar (24. gr.) en minnst ekki á aðrar mismunabreytur. Almenn hegningarlög (19/1940) hafa, síðan árið 2014, bannað mismunun þegar kemur að veitingu vara og þjónustu á grundvelli kyneinkenna, kynhneigðar eða kynvitundar (180. gr.) Þá hefur, frá árinu 2022, 70. gr. kveðið á um að refsing fyrir brot kunni að þyngjast ef brotið telst til hatursglæpa, meðal annars á grundvelli „kyneinkenna, kynhneigðar, kynvitundar eða annarra sambærilegra þátta“. Þá bannar 227. gr. b., sem tók gildi 2024, svokallaða „bælingarmeðferð“ gegn „kynhneigð, kynvitund eða kyntjáníningu“. Hatursorðræða gegn hinsegin fólki varðar einnig við lög um fjölmiðla (38/2011). Loks hefur, frá árinu 2024, fjölmiðlum og mynddeiliveitum verið bannað að „kynda undir hatri“ á grundvelli mismunabreyta svo sem „kynferðis, kynhneigðar, kynvitundar [og] kyntjáníningar“ (27. og 36. gr.)

Íslensk hjúskaparlög (31/1993) hafa, frá árinu 2010, kveðið á um jafnrétti til hjónabands þar sem engin skilyrði eru sett um kynjasamsetningu einstaklinga sem giftast (1. og 7. gr.). Einnig hafa öll hjón jafnan rétt til ættleiðinga (2. gr.). Þá hafa barnalög (76/2003), síðan árið 2021, veitt foreldrum jöfn réttindi sem ekki skerðast eða breytast við breytta skráningu kyns þeirra (5. gr.). Einnig veita lög um tæknifrjóvgun (55/1996), síðan 2020, þörum og einstaklingum full réttindi til tæknifrjóvgunar óháð hvers konar breytingum á kynskráningu (2.–5. gr.). Réttindi trans og kynsegin fólks á Íslandi byggja annars að mestu á lögum um kynrænt sjálfræði (80/2019) sem voru uppfærð til að taka tillit til intersex fólks árið 2020. Lög þessi veita fólki sjálfræði til að skilgreina kyn sitt fyrir lögum (með samþykki forsjáraðila ef einstaklingurinn sem um ræðir er undir 15 ára aldri) og banna ónauðsynleg læknisfræðileg inngrip inn í líkama intersex fólks, einkum barna.

Árangurinn af þessari lagasetningu sést vel á regnbogakorti hinsegin hagsmunasamtakanna ILGA Europe fyrir árið 2024, sem veitir yfirsýn yfir og mælir lagaleg réttindi og félagslegt rými hinsegin fólks í Evrópu. Þar vermir Ísland annað sætið á eftir Möltu (ILGA Europe 2024). Samantekt ILGA Europe sýnir að lagaramminn á Íslandi hvað varðar kyn og kyngervi er með því opnara sem gerist, en þar nær Ísland 15 stigum af 15 mögulegum. Rými fyrir borgaralegt samfélag (e. *civil society space*) er einnig talið mjög opið á Íslandi, þar sem ILGA Europe veitir sex stig af sex. Þá telst fjölskyldulöggjöfin frjálslýnd, en þar hefur Ísland náð átta af ellefu stigum. Jafnréttislöggjöf og vörn gegn mismunun telst sterk, en þar fær Ísland 21 stig af 25. Árangurinn er minni þegar kemur að hatursglæpalöggjöf, þar sem Ísland skorar fimm stig af átta. Þegar kemur að líkamlegri friðhelgi intersex fólks skorar Ísland lágt, eða aðeins eitt stig af fjórum. Þegar kemur að hælislöggjöf skorar Ísland þrjú stig af sex.

Í samræmi við þetta mælir ILGA Europe með því sem næstu skref fyrir íslensk stjórnvöld að hatursglæpalöggjöfinni verði breytt svo þau minnst sérstaklega á kynhneigð, kynvitund, kyntjáningu og kyneinkenni; sama skuli eiga við um lög um útlendinga, þar sem tekið skuli sérstakt tillit til þessara breytna við meðferð hælisumsókna. Þá hvetur ILGA Europe til þess að víkka fyrirbyggjandi bann gegn læknisfræðilegum inngripum á intersex börnum svo það taki einnig til einkenna svo sem smáreðurs (lat. *micropenis*) og neðanrásar (lat. *hypospadias*).

Eins og kort IGLA Europe sýnir er lagaleg staða hinsegin fólks á Íslandi sterk. Þó segir sú staða ekki allt. Í því samhengi má nefna að sagnfræðingar á sviði kvenna- og kynjasögu hafa bent á ákveðna þverstæðu þegar kemur að sögu kvenréttinda á Íslandi. Hún felst í því að íslensk löggjöf hefur, allt frá því snemma á 20. öld, verið afar framsækin þegar kemur að því að veita konum hvers kyns réttindi—en almennt *nutu og nýttu* íslenskar konur sér ekki viðkomandi réttindi fyrr en löngu á eftir næstu nágrannalöndum. Eins og höfundar bókarinnar *Konur sem kjósa: Aldarsaga* orðuðu það, þá dugðu „lagalegu réttindin ... skammt til að tryggja konum raunverulegt jafnrétti“ (Halldórsdóttir o.fl. 2020, 19). Hin formlegu lagalegu réttindi voru tempruð af félagslegu taumhaldi sem hélt áfram að halda konum utan hins opinbera sviðs.

Þetta kynni að endurspeglast í sögu hinsegin fólks á Íslandi. Til dæmis má nefna að samræði tveggja fullveðja og samþykkra einstaklinga af sama kyni var gert löglegt hér á landi árið 1940—27 árum á undan Bretlandi. Þó ber öllum heimildum saman um að félagslegt taumhald hafi takmarkað mjög opinbert samlífi samkynhneigðra (sérstaklega karlmanna) fram á 10. áratuginn og raunar handan hans (Benediktsdóttir 2017; Ásgeirsdóttir 2008; Vilhjálmsson 2022). Þannig má búast við því að það sé bil á milli *formlegra réttinda* hinsegin fólks á Íslandi annars vegar og *líðan og stöðu þess í raun og veru* hins vegar. Í næsta kafla verða fyrirbyggjandi rannsóknir notaðar til að byggja upp mynd af þessu bili.

2. Staða og líðan hinsegin fólks á Íslandi út frá fyrirliggjandi gögnum og rannsóknum

Rétt fyrir útgáfu þessarar skýrslu var mikilvæg rannsókn á stöðu og líðan hinsegin fólks á Íslandi gerð opinber (Dong 2025). Rannsóknin var á vegum Reykjavíkurborgar og S78 en Flóra Vuong Nu Dong, líftölfræðingur, var í forsvari fyrir hana. Hún byggir á gögnum úr Heilsu og líðan-könnuninni, ítarlegri megindegri spurningakönnun sem er framkvæmd á fimm ára fresti og lögð fyrir stórt úrtak fólks sem er búsett á Íslandi (þó reyndar aðeins íslenska ríkisborgara fram að könnuninni 2022, þegar erlendir ríkisborgarar búsettir hérlendis urðu fyrst hluti þýðisins). Kannanirnar 2017 og 2022 voru þær fyrstu til að spyrja hinsegintengdra spurninga og gerðu þær rannsakendum kleift að kanna heilsu og líðan hinsegin fólks á Íslandi á víðtækari hátt en áður var mögulegt.

Niðurstöður rannsóknarinnar verða seint taldar gleðilegar. Samkvæmt þeim standa „hinsegin einstaklingar ... frammi fyrir verulegum áskorunum þegar kemur að bæði líkamlegri og andlegri heilsu, sem og reynslu þeirra af ofbeldi“. Ástandið var nógu slæmt árið 2017, þegar niðurstöðurnar sýndu að „hinsegin fólk var líklegra en sísgagnkynhneigt fólk til að tilkynna um ofbeldi, og andleg heilsa þeirra var einnig verri“, en þessi munur, sem var strax þá „sláandi“ að mati rannsakenda, versnaði milli árána 2017 og 2022, þrátt fyrir margvíslegar lagabætur til handa hinsegin fólki sem urðu að veruleika í millitíðinni (Dong 2025, 28). Þá er t.d. áhugavert að mat þátttakenda á líkamlegri heilsu sinni var ekki marktækt mismunandi milli hinsegin og sísgagnkynhneigðs fólks í könnuninni 2017 en árið 2022 var heilsa hinsegin fólks marktækt verri. Í báðum könnunum mældist hinsegin fólk með meiri kvíða, verri líkamsmynd og aukna tíðni áfallastreituröskunar og þunglyndis. Sérstaklega er skýr munur á því hvort fólk hafi upplifað ofbeldi, hvort sem það er andlegt, líkamlegt eða kynferðislegt, eftir því hvort það er hinsegin eða sísgagnkynhneigt—hinsegin fólki í óhag. Í því samhengi kemur það heldur ekki á óvart að áfengis- og vímuefnavandi mælist öllu meiri hjá hinsegin fólki en sísgagnkynhneigðu (Dong 2025).

Hér kynni spurningin að vakna hvort þessar neikvæðu niðurstöður séu til marks um vanlíðan í kjölfar áfalla og fordóma fortíðarinnar. Gæti staðan verið betri þegar horft er til yngra fólks sem hefur notið þróunarinnar í löggjöf til verndar hinsegin fólki á undanförmum áratugum? Gæti til dæmis líðan og staða trans og kynsegin fólks, skoðað sérstaklega, hafa batnað eftir að löggin um kynrænt sjálfræði voru samþykkt árið 2019? Til að svara þessum spurningum þarf að skoða fyrirliggjandi rannsóknir sem einblína á ákveðna hópa innan hinsegin samfélagsins. Eins og áður sagði er ungt fólk viðfang langflestra rannsókna sem hafa verið gerðar á líðan og stöðu hinsegin fólks á Íslandi. Því er ekki úr vegi að byrja á að taka sérstaklega saman niðurstöður þeirra.

2.1. Ungt fólk

Í stuttu máli sagt sýna rannsóknir á líðan og stöðu ungs hinsegin fólks á Íslandi að lagabreytingarnar sem voru tíundaðar í síðasta kafla duga skammt einar og sér. Þannig er greinilegt að í skólaumhverfinu, sem er ráðandi þáttur í lífi ungs fólks, birtast fordómar gegn hinsegin nemendum skýrt og greinilega þrátt fyrir alla löggjöf. Í fjölda rannsókna hafa Jón Ingvar Kjaran og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson sýnt fram á hvernig gagnkynhneigðarhyggja gegnumsjýrir íslensk (og raunar norræn) skólarými, bæði á grunn- og framhaldsskólastigi, á lúmskan hátt sem hægt og illa gengur að breyta. Þetta á sérstaklega við um leikfimisalinn og búningsklefann, þ.e. rými þar sem kynjatvíhyggja og gagnkynhneigðarhyggja² skipta nemendum upp í tvo, skýrt afmarkaða, kynjaða hópa (Kjaran 2017; 2015; 2014; 2016; Kjaran og Jóhannesson 2013; 2010; 2011).

Niðurstöður Jóns Ingvars og Ingólfs Ásgeirs byggja á viðtalsrannsóknum. Á árunum 2016–2017 stóð 578 hins vegar fyrir stórri, nafnlausri könnun á líðan hinsegin ungmenna í grunn- og framhaldsskólum. Niðurstöðurnar ríma mjög við niðurstöður Jóns Ingvars og Ingólfs Ásgeirs. Þriðjungur þátttakenda fann fyrir óöryggi í skólanum vegna kynhneigðar en fimmtungur vegna kynvitundar. 40% þátttakenda forðuðust búningsklefa; 33% leikfimitíma; 23% íþróttavelli. 16% forðuðust mötuneyti og salerni. Fordómafull ummæli frá samnemendum og jafnvel kennurum voru tíð. 12% höfðu orðið fyrir áreitni vegna kynhneigðar, 6% vegna kynvitundar og 5% vegna kyntjáningar. Á bilinu 3–4% hinsegin nemenda höfðu orðið fyrir líkamsárás vegna hinseginleika síns. Hins vegar treystu hinsegin nemendur almennt starfsmönnum skóla, sérstaklega skólasálfræðingum, skólahjúkrunarfræðingum og kennurum; síst þó íþróttakennurum (Sæmundsdóttir og Arnarsson 2020).

Varla þarf að taka fram að vanlíðan hinsegin ungmenna í skólum getur haft alvarlegar afleiðingar. Samkvæmt rannsókn frá árinu 2015 voru íslensk, kynferðislega virk, samkynhneigð og tvíkynhneigð ungmenni í marktækt meiri sjálfsvígshættu en gagnkynhneigðir jafnaldrar þeirra (Arnarsson o.fl. 2015). Þá bendir rannsókn frá árinu 2017 til þess að íslensk ungmenni sem löðuðust að einstaklingum af sama kyni eða bæði að strákum og stelpum væru líklegri til að glíma við þunglyndi, reiði og streitu en gagnkynhneigð ungmenni. Sérstaka athygli vakti í þeirri rannsókn að tvíkynhneigðar ungar konur eða stelpur mældust í mesta áhættuhópnum (Gísladóttir o.fl. 2018). Þetta varpar afar neikvæðu ljósi á hinn alræmda „ósýnileika tvíkynhneigðra“ (e. *bi-erasure*) í almennri umræðu og rannsóknum bæði hérlendis og erlendis.

² Í þessari skýrslu verður almennt ekki farið út í orðskýringar á helstu hugtökum sem tengjast hinseginleika heldur vísað almennt á hina afar gagnlegu skýringarvefsíðu *Hinsegin frá Ö til A* (www.otila.is), þar sem fletta má hugtökunum upp.

Stærsta könnunin á líðan og stöðu ungs fólks sem fer fram á Íslandi er hin áður nefnda Íslenska æskulýðsrannsókn (ÍÆ) sem Háskóli Íslands framkvæmir fyrir Mennta- og barnamálaráðuneytið ár hvert í grunnskólum og annað hvert ár í framhaldsskólum. Undanfarin ár hefur spurningum og valmöguleikum könnunarinnar verið fjölgað svo hægt sé að skima fyrir hinseginleika. Hvað kynvitund varðar var í könnuninni 2018 settur inn sá möguleiki að skrá kyn sitt sem „kynsegin/annað“. Á vefsíðu ÍÆ er þó varað við því að „fáir svarendur velja „annað“ þegar þeir svara um kyn og oft eru vísbendingar um að svarendur svari ekki af alvöru. Fara verður mjög varlega í að túlka niðurstöður“ („Íslenska æskulýðsrannsóknin“ 2024). Þetta má til sanns vegar færa (þótt auðvitað sé það *alltaf* möguleiki á að ekki sé svarað af alvöru í könnun sem þessari), en með öllum mögulegum fyrirvörum er samt vert að benda á að í öllum könnunum síðan árið 2018 tjá þeir sem skilgreina sig sem „kynsegin/annað“ miklu verri líðan og stöðu en aðrir, sama hvort litið er til depurðar, kvíða, lífsánægju eða annarra breytna.

Það var hins vegar ekki fyrir en árið 2024 sem spurningum sem vörðuðu kynhneigð var bætt við Íslensku æskulýðsrannsóknina. Á ritunartíma þessarar skýrslu hafa þau gögn ekki hlotið opinbera birtingu en rannsakandi fékk aðgang að drögum að samantekt úr gögnunum úr grunnskólakönnuninni.³ Aðstandendur ÍÆ leggja áherslu á að kynhneigðarspurningarnar séu enn á tilraunarstigi og að það þurfi að fá meiri reynslu af fyrirlögn þeirra. Með þeim fyrirvara er engu að síður vert að benda á að það birtist skýr og marktækur munur á líðan gagnkynhneigðra barna annars vegar og hinsegin barna hins vegar í gögnunum. Hinsegin börnum og ungmönnum líður verr í grunnskóla, finnst þau njóta minni virðingar meðal samnemenda og finna fyrir meiri depurð og líkamlegri vanlíðan.

2.2. Trans og kynsegin fólk

Trans og kynsegin fólk glímur við sérstök vandamál sem snerta aðra hópa hinsegin fólks minna, svo sem fullnægjandi aðgengi að heilbrigðiskerfinu og góð samskipti við hið opinbera hvað varðar kynskráningu o.þ.h. Eins og áður var rakið hafa verið gerðar nokkrar rannsóknir á stöðu og líðan trans fólks á Íslandi en sumar þeirra eru því marki brenndar að vera eldri en lögum um kynrænt sjálfræði (80/2019) sem gjörbreyttu lagarammanum fyrir trans og kynsegin fólk. Þær eru því ekki fyllilega marktækar um ástand mála í dag. Þó er vert að minnast á sláandi rannsókn Uglu Stefaníu Kristjónudóttur Jónsdóttur frá 2017 um þá fordómafullu afstöðu, litaðri af kynjatvíhyggju, sem þá ríkti jafnvel innan þeirra hluta heilbrigðiskerfisins sem höfðu það að hlutverki að eiga samskipti við trans fólk dags daglega (Kristjónudóttir Jónsdóttir 2017).

Þessa rannsókn má svo bera saman við nýrri viðtalsrannsókn sem Birta B. Kjerúlf tók við kvár og trans fólk árið 2022, þ.e. eftir að lögum um kynrænt sjálfræði höfðu tekið gildi. Þótt ástandið hafi augljóslega batnað mikið fyrir þeirra sakir ber samt á sömu eða svipuðum vandamálum og Uglu Stefanía hafði bent á fimm árum fyrr. Viðmælendurnir höfðu flestir „orð á því að lögum

³ Ég þakka Ragnýju Þóru Guðjohansen fyrir að senda mér vinnslugögnin í tölvupósti þann 6. desember 2024.

[um kynrænt sjálfræði] væru ... vel skrifuð og ættu að færa þeim réttindi á við síð karla og konur, en fæst þeirra höfðu trú á því að sú væri raunin. Þá finnur fólk fyrir misræmi milli þess sem stendur í lögunum og því sem er framfylgt í raunheimum“ (Kjerúlf 2022, 15). Þannig glímdu viðmælendur Birtu enn við gríðarlanga bið eftir þjónustu í heilbrigðiskerfinu, kuldalegt og stundum óupplýst viðmót heilbrigðisstarfsfólks, skort á aðgengi að upplýsingum, flækjur gagnvart sjúkratryggingum varðandi fjármögnun kynstaðfestandi aðgerða og vandamál við skráningu kyns hjá Þjóðskrá. Þessar niðurstöður eru studdar af nýlegri MA-ritgerð Ólafs Sverris Stephensen (2024) sem gerði megindelega rannsókn á starfsemi trans teymis Landspítala milli 2012 og 2023. Á þessu tímabili urðu miklar breytingar á starfseminni, þar sem „biðtími hefur lengst á meðan þjónustulengd hefur styst og fjöldi tíma með sérfræðingum teymis hefur fækkað“.

Fulltrúar Trans Íslands í samráðshópi þessa verkefnis komu inn á þetta umfjöllunarefni á fundi með skýrsluhöfundi. Þeir töluðu um hversu berskjaldað trans fólk væri fyrir sveiflum í þjónustustigi heilbrigðiskerfisins. Að þeirra mati ríkti ánægja innan trans samfélagsins með þá bættu þjónustu sem trans teymi Landspítalans hefði boðið upp á á tveimur undanföllum árum (2022 og 2023) en á móti kæmi hið alvarlega rof sem varð á þjónustunni á tímum heimsfaraldurs COVID-19, þegar mannekla og annir í heilbrigðiskerfinu settu allt úr skorðum. Til að bregðast við þjónustuskorti hefði sprottið upp ákveðið „hinsegin hagkerfi“ þar sem trans fólk aðstoðaði hvert annað við aðgengi að hormónum o.s.frv. Þannig ríkti visst vantraust í garð heilbrigðiskerfisins hjá íslensku trans fólki, að hluta til út af gömlum syndum og að hluta til af því hve sveiflakennd þjónustan hefði reynst.

2.3. Hinsegin flóttafólk, hælisleitendur og innflytjendur

Annar hópur sem glímir við sérstakar áskoranir eru hinsegin flóttafólk og hælisleitendur. Staða þeirra er að mörgu leyti þversagnakennd. Íslensk stjórnvöld hafa haft uppi stefnu um taka á móti takmörkuðum fjölda hinsegin flóttafólks (þ.e. fólks á flótta sem sérstaklega er boðið til landsins af stjórnvöldum) og nýtur sá hópur þannig forréttinda umfram annað fólk á flótta, eins og Alexandra Dögg Steinþórsdóttir hefur bent á í MA-ritgerð sinni (Steinþórsdóttir 2019). Þetta gildir þó helst ef flóttafólkið passar inn í það sem Alexandra Dögg kallar „gullinsnið“ flóttamannsins—undirskipað og þakklátt fórnarlamb aðstæðna í þriðja heiminum sem styrkir mannréttindaá mynd Íslands með því að vera veitt samþykki og hæli héraendis. En ef umræddur flóttamaður þykir ekki passa inn í gullinsniðið getur skapast útilokun; hann gæti verið talinn *ekki nógu hinsegin eða ekki hinsegin á réttan hátt*.

Þetta vandamál verður enn skýrara þegar um er að ræða hinsegin hælisleitendur, þ.e. fólk á flótta sem kemur sér til Íslands á eigin vegum og sækir um hæli, en þetta er miklu stærra hópur en hinsegin kvótaflóttafólk. Þessir hælisleitendur lenda í því að þurfa að „sanna“ hinseginleika sinn gagnvart stjórnvöldum ætli þeir að nota hann sem rök fyrir að fá vernd á Íslandi. Birtingarmyndir hinseginleika eru hins vegar gríðarlega fjölbreytilegar og menningarbundnar og engin leið að búa til tæmandi, lokaðar skilgreiningar til að ná utan um þær. Hinseginleiki er

félagslegt fyrirbrigði sem aðeins getur mótast í samhengi við það samfélag sem flúið er frá; hinseginleiki á einu svæði getur þannig verið allt öðruvísi en hinseginleiki á öðru. Vestrænar hugmyndir og viðmið um hvað telst hinsegin eru afskaplega fjarri því að vera algildar. Hinsegin hælisleitendur geta því mætt þeirri kröfu að passa inn í óljósar og óskrifðar skilgreiningar yfirvalda á því hvað telst hinsegin og hvað ekki sem og grunsemdum og ásökunum um lygar, jafnvel frá æðstu stöðum íslensks réttarkerfis, eins og dæmin sanna (Håkansson 2022).

Linda Sólveigar- og Guðmundsdóttir hefur nýlega ritað doktorsritgerð um hinsegin fólksflutninga til Íslands. Hún rannsakaði þrjá hópa hinsegin fólks sem hafði flutt búferlum til landsins og greindi þann mikla mun sem var á líðan þeirra og stöðu eftir uppruna þeirra. Einn hópurinn, sem kom frá hinu hnattræna norðri, var í forréttindastöðu miðað við hina og upplifði langminnstu öðrunina og útilokunina. Annar hópurinn, frá Mið- og Austur-Evrópu, upplifði það sterkt hvernig skilyrðin fyrir fullkominni inngildingu inn í samfélagið voru svo gott sem óyfirstíganleg og þeim mun greinilegri sem útlit þeirra dæmdi þá ekki úr leik heldur frekar tungumál og ríkjandi fordómar um „menningarlegan“ mun milli þeirra og innfæddra. Þriðji hópurinn, frá hinu hnattræna suðri, upplifði sterka öðrun byggða á útliti og húðlit og tók sér oftast þá stöðu að fela hinseginleika sinn gagnvart samfélaginu, enda var traustið á því að einstaklingum í þessum hópi væri óhætt að sýna hann lítið (Sólveigar- og Guðmundsdóttir 2024).

Þannig gengur hinsegin fólk sem flytur til Íslands inn í stigveldi sem tengist kynþátta- og þjóðernishyggju sterkum böndum. Stigveldið hyglir þeim sem þykja líkjast „þjóðarímyndinni“ en útilokar þá sem geta ekki nálgast hana. Hér er einnig vert að minnast á tvær sláandi greinar eftir Derek T. Allen frá árinu 2020 en þar lýsir hann þeirri jaðarsetningu og blætisgervingu sem hann hafði orðið fyrir sem svartur, samkynhneigður Íslendingur, þar með talið innan samfélags samkynhneigðra karlmanna (Allen 2020b; 2020a). Hér sést því vel hvernig jaðarsetning hinsegin fólks verður að skiljast í samhengi skörunar (e. *intersectionality*) við aðrar mismunabreytur svo sem kynþáttun (e. *racialization*) og stétt.⁴

Þá ber einnig að minnast á nýja og sláandi grein Hjörvars Gunnarssonar og Jóns Ingvars Kjara sem fjallar um stöðu og líðan ungra íslenskra homma af asískum uppruna en þeir glíma við tvöfalda jaðarsetningu sem bæði samkynhneigðir og kynþáttaðir einstaklingar (Gunnarsson og Kjaran 2024). Titill greinarinnar er lýsandi: „Þú þarft að vera hvítur til að vera gay á Íslandi“. Í ritgerðinni birtast lýsingar á íslensku hinsegin rými sem hverfist um ákveðna ímynd hins „eðlilega“ eða „venjulega“ hvíta, innfædda homma. Sú ímynd er sterkt útilokandi fyrir homma af erlendum uppruna. Viðmælendurnir höfðu fundið fyrir fordómum og áreiti bæði frá meirihlutasamfélaginu, innan úr hinsegin samfélaginu og frá sér sjálfum (innhverfir fordómar).

⁴ Kynþáttun (e. *racialization*) vísar til þess félagslega ferlis þegar manneskja er jaðarsett með því að kenna hana við og koma fram við hana eins og hún tilheyrir tilbúnum félagslegum minnihlutahópi sem kenndur er við „kynþátt“. Notkun hugtaksins „kynþáttun“ beinir athyglinni að því að þetta er einmitt *ferli* sem lýsir einhverju sem maður verður fyrir en ekki eitthvað „náttúrulegt“ fyrirbrigði sem maður „er“ (enda eru „kynþættir“ ekki til í neinum vísindalegum skilningi).

Skólakerfið upplifðu þeir sérstaklega sem hinseginfjandsamlegt og lítt í stakk búið til að styðja nemendur af erlendum uppruna.

2.4. Fullorðið hinsegin fólk í parasamböndum

Þegar kemur að fullorðnu hinsegin fólki er almennt minna um rannsóknir en á ungu fólki —og engar rannsóknir til á öldruðu hinsegin fólki, eins og áður var á minnst. Í nóvember 2023 kom þó út rannsókn Gylfa Zoëga og Andra Sigmarssonar Scheving á stöðu hinsegin fólks á vinnumarkaði. Rannsóknin byggði á skattagögnum þar sem tekjur samskattaðra einstaklinga af sama kyni voru bornar saman við skatttekjur annarra hópa. Í ljós kom að á árinu 2020 höfðu karlar sem voru samskattaðir öðrum körlum 70% af tekjum karla sem voru samskattaðir konum, en konur samskattaðar konum örlítið hærri tekjur en konur samskattaðar körlum (Zoëga og Scheving 2023). Af þessu má hugsanlega draga þá ályktun að samkynhneigðir karlmenn í parasamböndum njóti ekki fulls jafnréttis á vinnumarkaði. Þá er það áhugaverð niðurstaða að samskattaðar konur hafi örlítið hærri tekjur en konur samskattaðar karlmönnum og væri vert að rannsaka orsök þessa nánar. Þó verður að slá varnagla við að yfirfæra tölur um skatttekjur beint yfir á sambönd og einkalíf fólks; til dæmis eru alls ekki öll samkynja pör samsköttuð og hópur hinsegin fólks sem er samskattaður einstaklingi af sama kyni er auðsýnilega ekki yfirfæranlegur á hóp hinsegin fólks almennt.

Hvað fullorðið fólk í samkynja parasamböndum varðar, þá eru rannsóknir Önnu Einarsdóttur (2013; 2016) áhugaverð heimild, þótt þær séu ekki glænýjar. Anna gerði annars vegar meginndlega rannsókn á samkynja pörum í staðfestri samvist og tók hins vegar eigindleg viðtöl við konur í slíkum samböndum og bar saman niðurstöðurnar. Anna sá mikinn mun á því hvernig konurnar svöruðu meginndlegu rannsókninni og þeirri eigindlegu. Í meginndlegu rannsókninni birtust niðurstöður sem voru í takti við opinberar orðræður í kringum staðfesta samvist. Áherslan var á ást og mannréttindi en tilfinningarnar gagnvart samfélaginu og staðfestri samvist sem stofnun voru jákvæðar. Í viðtölunum birtist flóknari mynd þar sem ríkjandi orðræður virtust ekki nægja til að lýsa tilfinningum kvennanna. Þar birtist staðfest samvist sem jákvætt en erfitt skref. Staðfesta samvistin var ekki aðeins tengd ást heldur einnig hugmyndum um öryggi, erfðarétt og táknrænt gildi í baráttunni fyrir réttindum. Stundum leiddi staðfesta samvistin til átaka við fjölskyldumeðlimi. Einnig var áberandi að konurnar áttu stundum erfitt með að ræða sambönd sín þegar tilfinningar þeirra stönguðust á við þær sögur sem sagðar voru í opinberum orðræðum um samkynja sambönd á Íslandi á þeim tíma; erfiðar eða sterkar tilfinningar, skilnaðir o.s.frv. voru feimnismál.

Þetta tengist einnig niðurstöðum rannsóknar Auðar Magndísar Auðardóttur og Írisar Ellenberger á stöðu og ímynd hinsegin foreldra (2024). Auður Magndís og Íris rannsökuðu opinbera umræðu um hinsegin foreldrahlutverkið og greindu þar sterka tilhneigingu til að búa til ákveðna ímynd fyrirmyndar hinsegin foreldrisins sem einkenndist af nýfrjálshyggjuhugmyndum um seiglu, ábyrgð og eðlileika. Hinsegin foreldrar í opinberri umræðu voru jafnan innfæddir Íslendingar úr millistétt með háskólamenntun, í stöðugum

parasamböndum (jafnan giftir); þeir lögðu áherslu á hversu „eðlileg“ börnin þeirra væru og hvernig uppeldi þeirra bryti hvergi í bága við siði og venjur meirihlutasamfélagsins. Undirliggjandi er ótti við að birtast sem „óábyrgt“ hinsegin foreldri sem elur börnin sín upp til þess að vera á skjön við meirihlutasamfélagið hvers gildi eru tekin sem sjálfsgöð. Þetta hefur áhrif á líðan og stöðu hinsegin foreldra sem ekki uppfylla, vilja ekki uppfylla, eða líður eins og þeir geti ekki uppfyllt kröfur fyrirmyndanna.

Þá eru til myrkar hliðar á samböndum hinsegin fólks rétt eins og annarra hópa. Nýlega var gerð yfirgripsmikil rannsókn á vegum Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands sem kortlagði tíðni og birtingarmyndir ofbeldis í nánum samböndum og á heimilum hinsegin fólks á Íslandi (Gústafsdóttir, Guðjónsdóttir, og Þórólfsson 2024). Rannsóknin studdist við gögn úr Íslensku æskulýðsrannsókninni fyrir árið 2024, spurningalista sem sendur var til meðlima S78 og spurningakönnum með opnum spurningum sem send var á meðlimi Facebook-hópsins Hinseginspjallið. Í könnuninni kom í ljós að meirihluti svarenda taldi sig hafa orðið fyrir einhvers konar ofbeldi af hendi fyrrverandi maka, oftast andlegu ofbeldi. Nokkuð hátt hlutfall hafði upplifað slíkt frá hendi foreldris. Tíðni líkamlegs ofbeldis var lægri en engu að síður sögðust nærri 30% svarenda hafa upplifað kynferðislegt ofbeldi frá hendi fyrrverandi maka og svipað hlutfall stafrænt ofbeldi. Karlar voru í miklum meirihluta gerenda en svarendur voru líklegri til að vera þolendur ofbeldis eftir því sem þeir urðu jaðarsettari: „Hlutfall þeirra sem hafði upplifað hinar mismunandi tegundir ofbeldis var í flestum tilfellum hæst á meðal kvára og fólks sem skilgreindi kyn sitt sem „annað“. Næsthæst var hlutfallið meðal kvenna og lægst hlutfall var hjá körlum“ (Gústafsdóttir, Guðjónsdóttir og Þórólfsson 2024, 7). Sískynja fólk var miklu ólíklegra til að hafa upplifað ofbeldi en trans fólk eða þau sem skilgreindu kyn sitt sem „annað“; samkynhneigðir voru einnig ólíklegri til að hafa upplifað ofbeldi en þeir sem skilgreindu kynhneigð sína öðruvísi.

2.5. Samantekt

Til að taka þessar niðurstöður saman, þá virðist vera nokkuð breitt bil milli formlegra réttinda hinsegin fólks á Íslandi annars vegar, sem mörg hver eru í höfn, og raunverulegrar stöðu og líðanar hins vegar. Almenn er sláandi munur á stöðu og líðan hinsegin fólks og sísgagnkynhneigðs fólks og endurspeglast það sérstaklega í ákveðnum hópum innan hinsegin samfélagsins. Hinsegin ungmennum líður verr en gagnkynhneigðum jafnöldrum í skólanum; sérstaklega er vanlíðanin áberandi í tvíhyggjukynjuðum rýmum svo sem búningsklefanum og íþróttasalnum. Sjálfsvígshugsanir eru algengari og er bág líðan sérstaklega áberandi hjá hópi tvíkynhneigðra stúlkna og ungra kvenna, sem sérstaklega virðist þurfa að taka utan um. Samskattaðir karlmenn hafa markvert lægri tekjur en karlmenn sem eru samskattaðir konum. Trans og kynsegin fólk glímur enn við margvísleg og alvarleg vandamál í samskiptum sínum við hið opinbera og verður frekar fyrir ofbeldi í nánum samböndum. Hinsegin flóttafólk og hælisleitendur glíma við að passa inn í ímynd fyrirmyndar hinsegin flóttamannsins, ímynd sem tengist ekki endilega þeirra eigin hinseginleika. Hinsegin innflytjendur og kynþáttað hinsegin fólk glímur sömuleiðis við að samþykki þeirra í samfélaginu er bundið við að passa inn í ákveðna

Ímynd og verður það erfiðara eftir því sem uppruni þeirra er fjarlægari hinum sjálfgefna, norræna hvítleika sem ríkir í opinberum orðræðum. Meira að segja samkynhneigt fólk af íslenskum uppruna, sem mestar réttarbætur hefur hlotið á undanförunum þremur áratugum, glímir við að passa inn í fyrirmyndarrámmann sem hefur verið skapaður í kringum sumt íslenskt hinsegin fólk. Þó eru stórar gloppur í þeirri þekkingu sem hér hefur verið tekin saman. Hvað með eldra hinsegin fólk, hvað með tvíkynhneigða, hvað með hinsegin fólk á landsbyggðinni? Í næsta kafla verður reynt að stækka sjónarsviðið og varpa ljósglætu á þessa vanræktu hópa með nýjum rannsóknum.

3. Staða og líðan hinsegin fólks út frá nýjum rannsóknum

3.1. Inngangur

Í júlí 2024 var send út eigindleg, nafnlaus netkönnun á vegum kortlagningarverkefnisins með spurningum sem varða stöðu og líðan hinsegin fólks á Íslandi. Samtökin '78 tóku þátt í að dreifa könnuninni, sem byggðist ekki á því að haka í box (nema fyrir allra einföldustu bakgrunnsupplýsingar) heldur hvatti hún þátttakendur til þess að skrifa texta frá eigin brjósti til að svara spurningunum. Alls tóku 23 þátt í könnuninni sem telst varla mikið. Hafa verður þó í huga að í eigindlegum rannsóknum af þessu tagi er ekki einblínt á fjölda þátttakenda, þótt það sé gott að hafa þá sem flesta, enda er ætlunin ekki að alhæfa um allan hóp hinsegin fólks út frá gögnunum heldur að nota þau til að búa til greiningu sem lesandinn getur sjálfur sett í víðara samhengi samfélagsins sem hann þekkir. Þá var einnig gerð ítarlegri og dýpri viðtalskönnun yfir árið 2024 þar sem rætt var við þrjá valda einstaklinga sem tilheyra hópum hinsegin fólks sem sjaldan heyrst í í opinberri umræðu. Bæði netkönnunin og viðtölin byggðu á sama spurningalistanum en hann má finna í Viðauka III. Í þessum kafla verða dregin fram stef og þemu úr svörunum og þau greind, en fyrst er vert að athuga samsetningu svarendahóps netkönnunarinnar.

Hættan að baki opnum netkönnunum eins og þá sem hér er notast við er að hópurinn sem kys að taka þátt er oft einsleitur, þ.e. samanstendur að mestu úr háskólamenntuðu fólki úr millistétt sem hefur þjálfun í og reynslu af að skrifa texta (Auðardóttir 2023, 4–5). Í ljósi þessa kom ánægjulega á óvart hversu mikil breidd var í þátttakendahópi netkönnunarinnar. 12 þátttakendur notuðu persónufornafnið hún, 7 hann, 3 hán en einn hakaði við „annað/vil ekki svara“. Aldursbilið var einnig ánægjulega breitt, frá 14 ára til 67 ára. Hinseginleikann skilgreindu svarendur á margvíslegan hátt og var áhugavert að sískynja hommar og lesbíur, sem hafa svo mjög átt sviðið í opinberri umræðu og samskiptum ríkisins og hinsegin samfélagsins á Íslandi, voru í miklum minnihluta svarenda (þ.e. þrír eða fjórir af 23).⁵ Taka skal fram að ekki allir kusu að skilgreina hinseginleika sinn nákvæmlega í svörum sínum en greinilegt var þó að svarendur komu frekar úr jaðarsettari hópum hinsegin samfélagsins. Þannig voru 13 þátttakendur trans og/eða kynsegin og skilgreindu þau kynhneigð sína á margvíslegan hátt. Til dæmis má nefna að fimm þátttakendur voru tvíkynhneigðir, þrír pankynhneigðir og einn eikynhneigður.

Uppruninn var minna fjölbreytilegur, þótt ekki hafi verið spurt mjög nákvæmlega út í hann (svo sem um innflytjendabakgrunn foreldra o.s.frv.). Mikill meirihluti svarenda, eða 19, fæddust á Íslandi; þrír fæddust erlendis, einn í Danmörku, einn í Úkraínu og einn í Venezóla.⁶ Meðal innfæddra svarenda tóku 10 sérstaklega fram að þeir fæddust á höfuðborgarsvæðinu, tveir á Norðurlandi, tveir á Suðurlandi og tveir á Suðurnesjum. Mikill meirihluti, eða 17, bjuggu

⁵ Ég segi „þrír eða fjórir“ þar sem einn þátttakenda, sem var á unglingsaldri, var óviss hvort hún væri tvíkynhneigð eða lesbía.

⁶ Einn þátttakandi kaus að svara ekki spurningunni.

Í dag á höfuðborgarsvæðinu eða í Mosfellsbæ, tveir á Suðurnesjum, tveir á Suðurlandi og einn á Vesturlandi. Þannig eru innfæddir meðal svarenda örlítið fleiri en í samfélaginu almennt og fleiri eru búsettir á höfuðborgarsvæðinu eða nærsveitum, sem kann að endurspeglar hina vel þekktu „hinsegin fólksflutninga“ úr dreifðum byggðum til borga. Mikilvægt er að lesa niðurstöður könnunarinnar með þessar skekkjur í huga.

Þegar kom að viðtalskönnuninni voru viðmælendur valdir út frá ábendingum frá hinsegin félögum og frá samráðshópi rannsóknarinnar. Eins og áður sagði var áhersla lögð á að ræða við fulltrúa hópa hinsegin fólks sem sjaldan fá orðið sem slíkir. Innan tímaramma verkefnisins náðist að taka þrjú slík viðtöl. Það fyrsta var við kynsegin manneskju á þrítugsaldri sem er fædd erlendis til íslenskra foreldra en er í dag búsett á Norðurlandi. Hér verður hán kallað Rökkur. Annað var við lesbíu á sextugsaldri sem glímir við langvarandi veikindi og er því öryrki. Hún er fædd og búsett á höfuðborgarsvæðinu. Hér verður hún kölluð Freyja. Þriðja er við tvíkynhneigða konu á fertugsaldri sem er fædd og uppalin á höfuðborgarsvæðinu og hér mun kallast Sigríður.

Notast var við hálfformgerð viðtöl, en þá er átt við viðtöl þar sem lagt er af stað með fyrirfram skrifaðan viðtalsramma (sjá Viðauka III) en samræðum engu að síður leyft að þróast náttúrulega út frá spurningunum, sem eru frekar til hliðsjónar en stýrandi handrit. Þannig geta samræðurnar leitt úr einu í annað og mega vel berast út fyrir viðtalsrammann sjálfan. Þátttakendur fá þannig meira frelsi til að tjá sig og hægt er að fara meira á dýptina hvað varðar þeirra skoðanir, upplifanir og reynslu, á meðan rannsakandi reynir að halda sig í bakgrunninum. Í því sem eftir fylgir verður reynt að draga fram helstu þemu í svörum bæði viðtalsrannsóknarinnar og netkönnunarinnar, kaflaskipt eftir umfjöllunarefnum.

3.2. Mat á eigin líðan og stöðu

Það vekur strax athygli—en kemur lítið á óvart í ljósi fyrri rannsókna—að líðan og staða trans og kynsegin svarenda í netkönnuninni er önnur og verri en hjá sísvarendum. Af þeim 9 sem sögðust vera í slæmri félagslegri stöðu og/eða leið ekki vel voru 7 trans og/eða kynsegin. Sérstaklega var það ungt trans og kynsegin fólk sem lýsti stöðu sinni og líðan á þann hátt sem og þátttakendur af erlendum uppruna: Allir þrír svarendur sem fæddust utan Íslands falla í þennan hóp og allir þrír svarendur sem eru undir tvítugu. Þá voru þrír þeirra sem mátu stöðu sína og líðan á þennan hátt tvíkynhneigðir. Sjö þátttakendur höfðu leitað í félagsleg úrræði til þess að bæta líðan sína og var þar ýmislegt nefnt til sögunnar, svo sem ráðgjöf S78, þjónusta sálfræðinga, Stígamót og AA-samtökin. Viðmælendur viðtalsrannsóknarinnar litu hins vegar öll á sína stöðu og líðan sem ágæta. Allt er þetta í samræmi við fyrri rannsóknir, eins og fjallað var um í kafla 2: Líðan og staða trans, kynsegin og tvíkynhneigðs fólks er markvert verri en annars hinsegin fólks; þá glímir ungt hinsegin fólk oft við mikla andlega erfiðleika.

3.3. Vinnumarkaðurinn

Sex þátttakendur í netkönnuninni sögðu frá erfiðleikum sem þeir höfðu fundið fyrir á vinnumarkaði og er það sláandi að allir sex voru trans og/eða kynsegin. Trans maður á fertugsaldri sagðist hafa „einu sinni sagt upp vinnu vegna fordóma samstarfsfélaga“ sem beindist „ekki gegn mér en gegn trans fólki [almennt]“. Kynsegin manneskja á þrítugsaldri frá Úkraínu taldi að hán hefði misst af atvinnutækifærum því „það er auðveldara að ráða einhvern sem samsamar sig hefðbundnum kynjabirtingarmyndum en einhvern sem gerir það ekki til að „forðast vesen““. ⁷ Þannig er ýjað að því að vinnustaðir forðist að ráða starfsfólk sem er of sýnilega hinsegin, eða eins og kynsegin manneskja á sextugsaldri orðaði það, þá þurfti hann að „passa [sig] að sýna ekki hinseginleikann“ við störf. Fimm þátttakendur könnuðust við hinsegin fólk sem hafði lent í vandræðum á vinnumarkaði og tóku tveir þeirra sérstaklega fram að um trans eða kynsegin fólk væri að ræða. Viðmælendur í viðtalskönnuninni höfðu þó ekki lent í vandræðum á vinnumarkaði út af hinseginleika sínum. Hér, líkt og í fyrri undirkafla, er staða trans og kynsegin fólks verri en annars hinsegin fólks; hugsanlega er staðan enn flóknari fyrir trans og kynsegin fólk af erlendum uppruna, þar sem það glímir við tvöfalda jaðarsetningu.

3.4. Heilbrigðiskerfið

Aðspurðir út í aðgengi að og reynslu af heilbrigðiskerfinu höfðu flestir þátttakenda eitthvað misjafnt að segja. Þó vekur athygli að á meðan sís þátttakendur setja þessa upplifun sína í samhengi við tafir og manneklu í kerfinu almennt, sem þarf ekkert endilega að tengjast hinseginleika þeirra, þá setur trans og kynsegin fólk sína upplifun í samhengi við lýmskulega fordóma innan kerfisins gagnvart hinseginleika sínum. Eins og þrítug kynsegin manneskja frá Norðurlandi orðaði það, þá upplifði hán „oft að ég sé álitnið vandamál [innan heilbrigðiskerfisins], fremur en það sem er að hrjá mig“. Trans maður á þrítugsaldri frá Suðurnesjum talaði um að ekki bara væru „biðlistar hættulega langir ... hvort sem það tengist [því] að byrja kynleiðréttingarferli, þjónustu fatlaðra eða langveikra einstaklinga“, heldur taldi hann líka „mjög mikla fordóma allstaðar“. Að hans mati var hann álitinn *fyrst og fremst trans* í öllum samskiptum við heilbrigðiskerfið, líkt og trans væri sjúkdómsgreining—en „það að ég er trans á ekki að vera partur af samtalinu þegar ég hitti lækni utan transteymisins“. Hann vildi fá lækna til að hætta að „áreita okkur með óviðeigandi spurningum þegar við leitum læknaaðstoðar sem varða ekki „trans-tengd málefni““. Á svipaðan hátt kvartar trans og kynsegin manneskja á sjötugsaldri yfir því að „fólk í heilbrigðiskerfinu [hafi] endurtekið rangkynjun [á mér] aftur og aftur þrátt fyrir ábendingar“. Þrítugur samkynhneigður trans maður frá höfuðborgarsvæðinu talar um „misjafnt aðgengi“ og segir „erfitt að fá samræmdar upplýsingar þegar kemur að helstu atriðum. Löng bið með litlum skýringum eða enn vísað í loðnar ástæður (flöskuháls vegna heimsfaraldurs, enginn starfsmaður sem vill sinna málefni, fjárskortur)“.

⁷ Þar sem svör bárust á ensku, eins og hér, þýði ég þau yfir á íslensku.

Annað þema í svörum þátttakenda um heilbrigðiskerfið er hvernig gert er ráð fyrir að fólk sem til þess leitar uppfylli viss viðmið. Kynsegin manneskja á þrítugsaldri talar um að það sé „gert ráð fyrir því að ég sé ekki hinsegin þangað til annað kemur í ljós“. Að hennar mati er „öráreiti fólgið í því að það sé alltaf gert ráð fyrir því að ég sé einhver önnur en ég er. Erfitt að þurfa að vege og meta hvort ég komi út úr skápnum eða ekki þegar ég þarf kannski bara sýklalyf“. Eins og pankynhneigð kona á fimmtugsaldri orðar það, þá er það

vandræðalegt hvað kvensjúkdómalæknar gera ráð fyrir að ég sé að stunda gagnkynhneigt kynlíf og ég þarf að marg ítreka til dæmis að ég noti ekki getnaðarvarnir, sé í sambandi en samt sé ekki fræðilegur möguleiki að ég sé ólétt. Mjög vandræðalegt og gerist í hvert sinn sem ég fer til kvensjúkdómalæknis.

Tæplega fimmtug pankynhneigð/samkynhneigð kona talar einnig um að hafa „orðið vör við mikla gagnkynhneigðarhyggju þegar rætt er um maka eða kynlíf. Oft er gert ráð fyrir að ég eigi síð karl fyrir maka, sem ég hef aldrei átt.“ Þrítugur hommi frá höfuðborgarsvæðinu sagðist ekki hafa yfir neinu að kvarta nema hinu „„hefðbund[na]“ áreiti vegna kynhneigðar, svo sem makaspurningar“—og má lesa ýmislegt í það að slíkt teljist hefðbundið. Viðtalið sem tekið var við Rökkur, kynsegin manneskju á þrítugsaldri sem er búsett á Norðurlandi, kom inn á sömu þemu. Rökkur talaði um að þótt hán sé skráð kynsegin í sinni sjúkraskýrslu „sé það voða sjaldan virt“: Hán sé jafnan rangkynjað innan kerfisins. Hán hafði annars ekkert slæmt um heilbrigðiskerfið að segja hvað eigin reynslu varðaði en sagði þó sögu af vinkonu sinni sem

er í endurhæfingu og meðferðaraðilinn hennar tók hana einu sinni inn á fund til sín því hún heyrði á samræðu hennar og annarrar manneskju um að hún væri tvíkynhneigð, og hún [meðferðaraðilinn] bara skammaði hana fyrir að segja henni ekki frá því—eins og það kæmi henni eitthvað við! ... [Vinkona mín] er í endurhæfingu bara út af áföllum sem hún hafði lent í, það tengdist ekkert kynhneigð hennar. Það var mjög spes þegar hún sagði mér frá þessu, bara hvað kemur það málinu við?... [hermir eftir meðferðaraðilanum:] „Af hverju sagðirðu ekki að þetta væri svona?“

Þegar tvíkynhneigðinni er stillt svona upp virðist hún virka eins og sjúkdómseinkenni sem beri að tilkynna heilbrigðiskerfinu um. Slíkt hefur lítað álit Rökkurs á heilbrigðiskerfinu öllu:

Ef ég fer upp á heilsugæslu og ég veit að ég mun ekkert endilega hitta manneskjuna mikið aftur, þá bara fornöfn, kynhneigð, *whatever*, það bara kemur þeim ekki við—af því að ég vil frekar þurfa að díla við vitlaus fornöfn í stuttan tíma ... Maður veit aldrei hvar fólk stendur á þessu [fornöfnum trans og kynsegin fólks] svo ég vil frekar taka það á mig að vera rangkynjað í smá

stund en að þurfa að taka samtalið og díla við það ... þannig að ég kannski gef fólki bara ekki tækifæri á að mismuna mér út frá þessu [hlær].

Þó fyrirfinnst stigveldi hér eins og annars staðar, því maður getur fyrst kvartað yfir aðgengi að heilbrigðiskerfinu og fordómum innan þess ef maður á þess kost að leita til þess yfirleitt. Trans kona á þrítugsaldri sem fæddist í Venezuéla bendir á að hún geti ekki svarað spurningunum um heilbrigðiskerfið þar sem hún sé ekki komin með kennitölu og upplifi sig algjörlega útilokaða frá því. Í viðtali sem tekið var fyrir þessa skýrslu við Sigríði, tvíkynhneigða konu á fertugsaldri frá höfuðborgarsvæðinu, koma fram áhyggjur af stöðu hinsegin fólks af erlendum uppruna gagnvart heilbrigðiskerfinu:

Eitt sem ég hef rekið mig á ... er að ég hef fengið fólk erlendis frá sem er kannski nýkomið til landsins og er að velta því fyrir sér hvernig það eigi að komast á hormóna—fólk sem er trans—og þá er svarið að það eigi að tala við heimilislækninn sinn, og þau eru ekki með heimilislækni, eins og stór hluti íslensku þjóðarinnar er ekki með heimilislækni, fastan, og ég hef enga leið til að vita hvort ég sé að beina manneskju á stað þar sem henni verður mætt af virðingu.

Í þessum gögnum um heilbrigðiskerfið birtast fjögur meginstef. Í fyrsta lagi er trans og kynsegin fólk enn og aftur í verri stöðu en annað hinsegin fólk hvað varðar aðgengi að og reynslu af heilbrigðiskerfinu. Í öðru lagi benda gögnin til þess að innan heilbrigðiskerfisins sé stundum talað um hinseginleika eins og hann varði heilbrigði fólks, þ.e. sé eins og sjúkdómseinkenni, sem kynnu að vera leifar af eldri hugsun innan læknisfræðinnar þegar hinseginleiki flokkaðist sem andlegur eða líkamlegur sjúkdómur. Í þriðja lagi ber á gagnkynhneigðarhyggju, þar sem gert er ráð fyrir að fólk sem leitar til heilbrigðiskerfisins sé gagnkynhneigt þar til annað kemur í ljós. Í fjórða lagi telur hinsegin fólk af erlendum uppruna sem er án kennitölu sig alfarið útilokað frá heilbrigðiskerfinu. Allt eru þetta alvarleg vandamál sem varða aðgengi og reynslu hinsegin fólks að heilbrigðiskerfinu.

3.5. Staða hinsegin fólks af erlendum uppruna

Þar sem aðeins þrír þátttakenda í netkönnuninni voru af erlendum uppruna, og enginn af þeim sem viðtal var tekið við, er bersýnilega ekki hægt að alhæfa um reynslu þess hóps í þessari skýrslu. Engu að síður kalla þau fáu svör sem þó bárust upp spurningar um stöðu þeirra en allir þrír svarendur af erlendum uppruna í netkönnuninni lýsa slæmri félagslegri stöðu, einmanaleika og fordómum sem þau hafa orðið fyrir. Eins og fyrrnefnd trans kona frá Venezuéla orðaði það, þá fannst henni „fólk [á Íslandi] ekki gefa mér neinn gaum—svo mér er nokkuð sama um það á móti“, en bendir á að „við, hinsegin innflytjendur, erum líka til. Við þurfum líka pláss“. Hér birtist því áminning um að hinsegin fólk af erlendum uppruna sé svo sannarlega til á Íslandi, hafi sín réttindi og eigi ekki að gleymast í umræðunni um hinsegin málefni á landinu.

3.6. Fordómar, áreiti og áreitni

Þegar spurt var um fordóma, áreiti og áreitni sem þátttakendur netkönnunarinnar höfðu orðið fyrir voru niðurstöðurnar nokkuð sláandi. 17 af 23 könnuðust við eitthvað slíkt, hvort sem það var nýlega eða frá unglingsárum. Ekki var hægt að finna fylgni milli neins ákveðins kyngervis, kynvitundar, kynhneigðar eða uppruna og reynslu af fordómum, áreiti og áreitni, heldur dreifist sú reynsla nokkuð jafnt yfir þátttakendahópinn.

Hjá sumum þátttakendum verður vart við tilhneigingu til að draga úr alvarleika reynslunnar. 14 ára gömul lesbía eða tvíkynhneigð stelpa frá höfuðborgarsvæðinu svaraði til dæmis spurningunni um hvort hún hefði orðið fyrir fordómum neitandi—fyrir utan „létt grín hér og þar“; en grín gagnvart hinseginleika ungrar manneskju má vel líta á sem fordóma eða áreiti. Trans og kynsegin kona á sjötugsaldri taldi sig hafa „sloppið vel í daglegu lífi“ en sagði engu að síður frá fordómum af hendi systkina og foreldris. Sumir vildu ekki tala um *áreitni* heldur *áreiti* eða tóku fram að fordómarnir hefðu falist í baktali en ekki áreiti í eigin persónu; fordómarnir hefðu verið „óbeinir“ eins og það var orðað. Hér birtist sú hugmynd að manns eigin erfiðleikar séu vart því nafni nefnandi í ljósi þess að aðrir hafi það verra. Þetta kynni að tengjast orðræðuhefðum sem fræðimenn hafa nýlega greint hérlandis: Að það ríki ákveðin þvinguð jákvæðni í opinberri umræðu um hinsegin fólk á Íslandi, þar sem gleði og þakklæti á að vera í forgrunni en lítið gert úr erfiðleikum og fordómum (Ellenberger og Vilhjálmsson 2024; Vilhjálmsson og Ellenberger 2024). Þannig er eftirtektarvert að 20 af 23 könnuðust við *annað* hinsegin fólk sem hafði orðið fyrir fordómum, áreitni og áreiti—hærra hlutfall en kannaðist við slíkt á eigin skinni.

Þetta misræmi birtist skýrt í viðtalinu við Rökkur. Hán sagðist sjaldan lenda í aðkasti sökum hinseginleika síns „og þegar það gerist er það bara einhver fáviti út í bæ“, þ.e.a.s. ekki neinn úr háns eigin næsta félagslega umhverfi, „og ég tek það ekkert inn á mig“. Hán sagði hins vegar að hán ætti marga vini sem væru „fæddir í kvenlíkama“ en væru kynsegin eða trans. Þeir hafa hins vegar ekki endilega karlmannlega kyntjáningu eða hafa tekið upp karlkyns nöfn. Um þá sagði Rökkur að

það er kannski enginn dónalegur en það kemur alltaf eitthvað svona á bak við—„hvað er í gangi þarna“—og maður þarf ekkert að virða fornöfnin út af því að „hún“ er ekki herna ... fólk virðir það fyrir framan þig en samt trúir þér ekki og ... um leið og þú ert ekki í herberginu, þá [segir] það bara eitthvað „*what the fuck* er í gangi þarna“. Það er þá bara fólk sem maður er ekki að umgangast mikið meira.

Það er eins og þessi upprifjun leiði Rökkur að því að endurmeta sín fyrri orð um hversu sjaldan hán lendi í áreiti:

Mamma var ótrúlega lengi að taka [hinseginleika minn] í sátt... hún er aðeins á bremsunni með þetta. Fjölskylda mín hefur alltaf notað „hún“ og margir nota ennþá *deadname*-ið og ég hef tekið upp á því að svara þeim ekki fyrr en þau nota rétt nafn eða bara svara þeim með [Rökkur] ... Það er ekki mismunun, þannig séð, en fólk trúir þér ekki og maður sér það alveg.

Hér birtast því tvö meginþemu. Í fyrsta lagi eru fordómar, áreiti og áreitni gagnvart hinsegin fólki svo sannarlega til staðar og raunar algengar í íslensku samfélagi þrátt fyrir allar orðræðurnar um „hinsegin paradísina“ Ísland (Ellenberger 2017). Í öðru lagi kemur fram ákveðið hik gagnvart því að segja sjálfan sig hafa orðið fyrir fordómum, áreiti eða áreitni. Algengara er að vísa þeirri upplifun á aðra, sem stundum leiðir til endurmats á því sem hafði komið fyrir viðmælandann sjálfan. Þessa tregðu gagnvart því að ræða um fordóma, áreiti og áreitni þarf að hafa í huga í hvers konar framtíðarrannsóknum á málaflokknum.

3.7. Bakslagið

Í samhengi við fordóma, áreiti og áreitni minntust margir þátttakenda í netkönnuninni og allir sem tekið var viðtal við á „bakslagið“ svokallaða í málefnum hinsegin fólks sem oft hefur verið rætt um á undanförunum árum (Hjaltadóttir 2023). Bakslagið felst, í grunninn, í öldu neikvæðni, fordóma og haturs sem hefur risið upp gagnvart hinsegin fólki, sérstaklega trans fólki, í Bandaríkjunum og Evrópu á undanförunum árum og má tengja við ris „nýja hægrisins“ svokallaða, hvers frægasti talsmaður er Donald Trump, nýendurkjörinn forseti Bandaríkjanna þegar þessi skýrsla er rituð. Á Íslandi hefur bakslagið átt sér nokkrar áberandi birtingarmyndir á opinberum vettvangi undanfarin ár, til dæmis stofnun Samtakanna '22 árið 2022—smárra, meintra hagsmunasamtaka homma og lesbía sem miða að því að útiloka trans fólk og aðskilja það frá öðru hinsegin fólki („Samtökin 22“, e.d.). Þá hefur einn stjórn málaflokkur sem á sæti á Alþingi, Miðflokkurinn, talað gegn réttarbotum til handa trans fólki á þingi og í fjölmiðlum (Gunnlaugsson 2023; Rögnvaldsson 2019). Mest áberandi var bakslagið þó í tengslum við gríðarlegt samfélagsmiðlaupphlaup í kringum hinsegin fræðslu í grunnskólum í Reykjavík haustið 2023, þegar fræðslan var ranglega sögð kynfræðsla, ef ekki BDSM-fræðsla („Vegna umræðu um hinsegin- og kynfræðslu“ 2023; Þorvaldsdóttir 2023).

18 af 23 þátttakendum í netkönnuninni höfðu orðið varir við bakslagið á eigin skinni, sérstaklega á netinu og samfélagsmiðlum. Nokkrir minntust sérstaklega á hversu mjög bakslagið hafi náð til unglinga. Einn þátttakandi átti barn á unglingsaldri og þekkti „mörg dæmi ... úr skóla barnsins míns þar sem unglingar eru með fordóma opinskátt“. Allt þetta hafði haft þau áhrif að "graf[a] undan öryggi okkar hvað varðar grundvallaratriði", eins og einn þátttakandi orðaði það, og valdið ótta. Lesbía á þritugsaldri sem býr á höfuðborgarsvæðinu sagði frá því hvernig hún varð „mun óöruggari í stærstu bylgju bakslagsins og það hefur líklega

haft áhrif á hvernig ég hegðaði mér í samfélaginu, tók færri „áhættur“ í kyntjáníngu og öðru“. Hún benti einnig á að „það hefur verið kastað eggjum á íbúð hjá einu pari sem ég þekki“ og hún hafði einnig orðið vör við „andstyggileg komment á tiktok“. Trans og kynsegin manneskja á sjötugsaldri lýsti því hvernig hún „tók það mjög nærri [sér] þegar Samtökin 22 fóru af stað með hatursorðræðu sína gegn trans fólki ... Þau virtust á tímabili ná hljómgrunni langt úti samfélagið. Þá var ég oft hrædd“. Einn þátttakandi sagðist vinna „að hluta til með hinsegin málefni og þar tala allir um að viðhorfin séu neikvæðari og fólk leyfi sér að segja og gera hluti sem það leyfði sér ekki áður.“

Í viðtalsrannsókninni var einnig mikið talað um bakslagið. Rökkur sagðist „til dæmis ekki [hafa] heyrt orðið „faggi“ í mörg ár og svo bara kom það um daginn ... Er þetta bara ennþá notað?“ Hún talaði um hvernig bakslagið ylli hinsegin fólki áhyggjum og kvíða jafnvel þótt það lenti ekki í áreiti því tengdu á eigin skinni:

Ef ég kynnist einhverjum á stefnumótaforritum þá er ég ekkert endilega að taka fram að ég sé kynsegin, því ég veit að þetta er ekkert að fara neitt og ég vil ekki taka áhættuna á því að fólk, þú veist ... þetta eru aðallega karlmenn sem eru á bremsunni með það [að fólk sé kynsegin] og þeir eru ekkert hræddir við að segja skoðanir sínar ... Ég hef fundið fyrir þessu meira upp á síðkastið ... það er líka fólk sem ég þekki sem hefur verið gelt á — bara einhverjir krakkar — það er alveg möguleg ástæða fyrir því að ég er ekki opnari með þetta [hinseginleika minn], það er bara hræðsla við viðbrögð, eða kannski kvíði.

Freyja, lesbía á sextugsaldri búsett í Reykjavík, kannaðist vel við þennan kvíða:

Ég er efins um það hvort ég eigi að líma regnbogamiða á bílinn minn. Ég hefði ekki efast um það fyrir 20 árum, ég hefði skellt honum beint á, en í dag er ég pínulítið ... Ég verð fyrir áhrifum af þessu — á maður að kalla þetta *backlash*? — ... Þessi haturspólitík sem er vinsæl núna alls staðar í heiminum, [að] djöflast í minnihlutahópum ... Mér þykir ekkert gaman að það séu skornir niður [regnboga]fánarnir hér niðri á bensinstöð⁸ ... Þannig séð er ég með ákveðinn kvíðavald í mínu lífi ... sem er þetta: Hver er okkar staða almennt núna? Þarf ég að verjast einhversstaðar, þarf ég kannski að sleppa því að segja eitthvað um að ég sé samkynhneigð á einhverjum ákveðnum stað og ég tek ekki sénsinn á því? ... Maður er aðeins var um sig.

Þetta bakslag „hittir í einhver gömul sár, það triggerar eitthvað“, sérstaklega fyrir fólk á aldri við Freyju. „Við sem komum lengra að, komum úr eldri tíma, þetta er triggerandi fyrir okkur sem upplifðum allt mögulegt. Og ég býð ekki í það ef það hefðu verið samfélagsmiðlar á

⁸ Hér er vísað til þess þegar regnbogafánar voru skornir niður á bensinstöðinni við Öskjuhlíð á Hinsegin dögum 2023 (Andrésdóttir 2023).

meðan AIDS var í gangi. Það hefði verið hrottalegt. Ekki þar fyrir, ég held að trans fólk sé að fá svipaða útreið [og hommar á tímum alnæmis], einhverra hluta vegna“. Freyja hafði ekki lent í fordómum, áreiti eða áreitni sem hinsegin manneskja lengi, en internetið og fréttirnar færðu henni fordómanna og óöryggið heim: „Ég keyri framhjá bensínstöðinni þar sem fánarnir voru skornir niður og ég les um að það sé hakakross á regnbogagötunni á Hveragerði. Ég upplifi bakslagið þannig sem manneskja“, því

það triggerar þetta gamla. Við sem lifðum ömurlega tíma—og þeir voru ömurlegastir þegar AIDS var í gangi, því þá var komin ástæða, löggild ástæða fyrir því að berja og slá alla sem voru samkynhneigðir—mér finnst þetta vera komið svolítið þangað, þó að það sé kannski ekki lengur verið að berja einhvern persónulega, þá er verið að ráðast á samfélagið mitt. Það er verulega óþægilegt, og það veldur manni kvíða, og alveg sama þó að þú sért ekki að fá neinn skít í póstkassann, þá hugsarðu samt eins og ég, sem gaf 10 ár af ævi minni í þessa baráttu, til að þess að fá þessi réttindi ... og við sem gerðum þetta, og pólitíkusarnir sem lögðu höfuð sitt að veði ... er þetta til einskis? Dugði þetta ekki meira en 20 ár eða 30 ár ...? Það er vond tilfinning.

Þannig sést hvernig bakslagið hittir eldra hinsegin fólk sem lifði AIDS-faraldurinn sérstaklega illa fyrir. Sigríður hefur einnig mikið hugsað um bakslagið, sérstaklega í tengslum við réttindabaráttu hinsegin fólks sem hún hefur tekið þátt í. Viðtalið við hana fór fram rétt fyrir Alþingiskosningarnar 2024 og rétt eftir endurkjör Donalds Trump sem Bandaríkjaforseta. Sigríður tók saman áhrif þessara pólitísku hræringa á Íslandi og í Bandaríkjunum:

Það er bara ekki í tísku að tala um mannréttindi þessa dagana. Við erum stimpluð sem eitthvað svona *woke*-lið ... og [svo er] talað um ímyndarstjórnsmál ... það er bara gert lítið úr því að þetta skipti einhverju máli. Fólk vill frekar fá að tala um peninga bara, „hörðu málin“, en ekki „mjúku málin“ sem á endanum snúast samt um líf og dauða fyrir margt fólk. Og þetta er mjög lýjandi ... Mér finnst þetta hafa breyst og það hefur að gera með stjórnsmálaumhverfið í heild sinni.

Stjórnsmálaumræðan hafði breytt mjög ákveðið um tón:

Fólk [í stjórnsmálum] þorir ekki inn í umræðu sem það telur að muni sundra, svo í stað þess að tala skýrt fyrir mannréttindum þá bara fer það út í eitthvað miðjumoð og þar af leiðandi færast ásinn í íhaldssemisátt. Og það er líka frústrerandi þegar [stjórnsmála]fólk áttar sig ekki á því að þau séu gerendur í [þessari þróun] ... það eru einstakir flokkar sem tala fyrir hinsegin réttindum—en þeir eru bara ekki að mælast inni á þingi.

Sigríður óttast að með breyttum straumum í stjórnámálum kunnri réttindabaráttu hinsegin fólks á Íslandi að vera í hættu. Opinberir styrkir gætu verið dregnir til baka og samstarfsvilji stjórnvalda gagnvart félögum hinsegin fólks gufað upp. Henni er umhugað um að réttindabaráttan baktryggi sig gagnvart þessari hættu sem blasir við: Ekki sé treystandi á velvild stjórnvalda lengur í breyttum heimi. Hún segir bakslagið hafa haft mikil áhrif á sína líðan. Siðfárið sem kom upp í kringum hina meintu „kynfræðslu“ Samtakanna '78 í skólum árið 2023 var „djöfulllegt, það var bara ógeð“. Sigríður tók stemminguna á kommentakerfinu mjög inn á sig, kannski sérstaklega því hún var

alin upp á þeim tíma þegar það var rosaleg jákvæðni í loftinu, svona um það leyti þegar ég er að átta mig á að ég sé hinsegin ... Maður upplifði það sem svo að þetta væri svona línulegt ferli [í átt að stöðugt meiri réttindum] ... Það eru algjör forréttindi að hafa fengið að alast upp í andrúmslofti vonar og koma út [úr skápnum] í andrúmslofti vonar, en ég er ansi hrædd um að það sé ekki upplifun allra í dag.

Ungt hinsegin fólk er nú að koma út úr skápnum í andrúmslofti ótta sem er „bara dálítið öðruvísi. Ég held að þetta hafi verið dálítið sjokkerandi fyrir marga af minni kynslóð og margir séu enn dálítið í afneitun um það í hvaða átt þetta er að fara“. Sigríður vísar í grein frá 2022 eftir Ragnhildi Sverrisdóttur þar sem hún lýsti mannréttindum hinsegin fólks sem „þunnri skán“ á ólgandi yfirborði íslensks samfélags (Sverrisdóttir 2022): „Það er alveg sjokkerandi að átta sig á því að samfélagslegt samþykki getur breyst hratt í hina áttina“. Sigríður þekkir margt hinsegin fólk sem hefur orðið fyrir miklum áhrifum af bakslaginu, sérstaklega ungt fólk. Fólk af kynslóð Sigríðar

er búið að byggja í kringum sig svona *safe space*. Þess vegna er [bakslagið] erfiðara fyrir krakka sem eru ennþá inni í skólakerfinu eða einhversstaðar þar sem það hittir fólk sem hefur allskonar skoðanir og allskonar ranghugmyndir um hvað það er að vera hinsegin og að vera trans o.s.frv. ... Ég veit að ég er örugg í mínu félagslega umhverfi, búin að byggja það upp ... Það er ógeðslega jákvætt, út af því að það hjálpar manni, en á sama tíma held ég líka að það geti orðið þess valdandi að fólk sér ekki heldur erfiðleikana sem annað hinsegin fólk þarf að glíma við—fólk sem er einmana eða eitt eða er yngra eða bara býr ekki við stuðning nánustu fjölskyldu.

Sigríður segist fyrst ekki hafa fundið fyrir auknum fordómum, áreitni og áreiti á eigin skinni með bakslaginu, en leiðréttir sig svo. Hún hafði lent í því að mynd af henni hafði verið tekin af netinu, henni breytt með myndvinnsluforriti og svo dreift af pólitískum andstæðingum hinsegin fólks. Hún upplifir einnig sterka tengingu við Samtökin '78 og tekur inn á sig þær árásir sem Samtökin hafa þurft að þola síðan bakslagið kom upp, til dæmis hrottalegar hótanir gagnvart Samtökunum sem nýlega var dæmt fyrir, þar sem maður hótaði því að „fara í S78

samtökin og sprengja upp liðið og þau sem sleppa verða afhausuð eða hengd“ (Sverrisson 2024). Að sögn Sigríðar eru meðlimir Samtakanna „kölluð barnaníðingar og ógeð og [sagt að] við séum að *grooma*⁹ og styðjum limlestingar á börnum“ á netinu, en „í raunheimum hef ég ekki orðið fyrir neinu, sem betur fer“. Þó vissi hún af því að starfsfólk S78 hefðu lent í slíku: Ógnandi menn eltu fræðara á vegum S78 eftir skólaheimsóknir og nýlega hafði verið gerð hómófóbísk líkamsárás á einn starfsmann. Hvoru tveggja var þó haldið frá fjölmiðlum þar sem álitíð var að fjölmiðlaumfjöllun myndi aðeins hleypa kappi í hatursfólkið. Áreitið hafði raunar orðið svo mikið undanfarin ár að

fólk kippir sér síður upp við þessa hluti og það á sér ákveðin afnæming stað, fólk er ekkert endilega sjokkerað [lengur] ... ef ég tæki mig [sjálfa] fyrir fimm árum og myndi setja mig fyrir framan tölvuna í dag og [myndi] lesa það sem ég er að lesa í dag, þá myndi ég ábyggilega fá taugaáfall. En af því að þetta hefur gerst svo hægt og umræðan hefur breyst svo hægt, [þá] bæði venst maður [því] og svo líka—sem ég held að sé mjög hættulegt fyrir okkur í hinsegin samfélaginu—að við förum að sætta okkur við hluti sem við hefðum aldrei sætt okkur við [áður], við förum að taka því sem gefnu að það séu til dæmis einhverjir foreldrar sem setja sig upp á móti hinsegin fræðslu í skólum eða ráðist að hinsegin kennurum, að það sé bara partur af *programmet*. En þetta er samt ekki ásættanlegt og það er líka verkefnið að halda í það—sjálfsvirðinguna bara ... Afnæmingin á sér stað alls staðar, það er enginn mannamunur gerður þegar maður sér hluti sem eru eldfimir og ógeðslegir aftur og aftur, það er bara sálfræðileg staðreynd, og þegar maður er hættur að kippa sér upp við hlutina þá er hægt að ganga lengra. Það er bara þannig.

Þetta voru stjórnámálamenn að nýta sér í yfirstandandi kosningabaráttu fyrir Alþingiskosningar 2024, að mati Sigríðar:

Bara það að Sigmundur Davíð [Gunnlaugsson, formaður Miðflokksins] hafi reynt að stilla hinseginfræðslu [í skólum] upp á móti lestri og skrift í upphafi kosningabaráttunnar—hann hefði aldrei sagt þetta fyrir fjórum árum, aldrei! Og við [hinsegin fólk] hefðum líka risið upp á afturlappirnar. Gerðum við það? Nei! ... Bæði er það út af því að við erum orðin vön þessu og farin að taka því sem gefnum hlut að það sé bara í alvörunni einhver sem er algjörlega andsnúinn svona *basic* hlutum, en svo er það líka að samfélagsumræðan er okkur ekkert hliðholl, svo um leið og við færum að segja eitthvað, þá væri búið að stimpla okkur sem vælukjóa með upphrópanir og fórnarlambsvæðingu.

⁹ Þessi enska sögn er tískuorð meðal þeirra sem hatast við hinsegin fólk á ritunartíma þessarar skýrslu, en umrætt hatursfólk heldur því fram að hinsegin fólk, sérstaklega trans fólk, séu barnaníðingar; réttindabarátta þeirra miðist í raun aðeins að því að „grooma“ (þ.e. laða til sín) börn til misnotkunar.

Sama hvað við segjum eða hvernig við segjum það, þá erum við máluð upp sem reið, ósanngjörn og leiðinleg.

Sigríður bendir á að það sé von á fjölda hinsegin flóttafólks frá Bandaríkjunum í kjölfar kosningasigurs Donalds Trump, en ekkert í lögum tryggir þeim vernd á Íslandi, eins og ILGA Europe hefur bent á og fjallað var um að ofan; það verður að hennar mati forvitnilegt að sjá hvernig ný íslensk stjórnvöld muni bregðast við þessu. Sigríður er helst þakklát fyrir að alls konar réttindi hafi verið lögfest á undanförunum árum „svo við höfum þó lagaleg réttindi, svo að ef fólk til dæmis ætlar að taka til baka eitthvað úr kynrænu sjálfræði, þá þarf að gera það í mörgum skrefum, því þetta er í öllum lögum ... þannig að það verður bara djöfuls vesen fyrir þann sem ætlar að taka þetta til baka“. Það segir sína sögu að hinsegin fólk á Íslandi sé farið að tala á þessum nótum.

Bakslagið var það umræðuefni sem tók mest pláss í viðtalsrannsókninni enda áhyggjurnar af því miklar. Í umræðunni birtast fjögur meginþemu. Í fyrsta lagi kemur fram hversu mikil áhrif bakslagið hefur á allt hinsegin fólk, enda hefur það bæði bein og óbein áhrif; maður þarf ekki sjálfur að verða fyrir aðkasti til þess að missa öryggistilfinninguna, heldur aðeins að heyra af því sem er að gerast hérlendis eða erlendis, t.d. í gegnum samfélagsmiðla. Í öðru lagi kemur fram að áhrif bakslagsins eru allra sterkust á tvo hópa: Ungt hinsegin fólk sem er að stíga sín fyrstu skref sem hinsegin einstaklingar í samfélaginu annars vegar og eldra hinsegin fólk hins vegar, sem er brennt af reynslu sinni af alnæmisfaraldrinum og þeirri skelfilegu umræðu sem þá tíðkaðist um hinsegin fólk. Í þriðja lagi koma í ljós hin miklu áhrif bakslagsins á pólitík og almenna orðræðu um réttindamál hinsegin fólks, sem hefur breyst mikið á örskömmum tíma. Ekki bara hefur fjandskapur gegn hinsegin fólki aukist heldur hafa stöðugt færri stjórnámálamenn og opinberar persónur áhuga á því að verja hinsegin fólk og tala þeirra máli opinberlega. Í fjórða lagi er greint frá vaxandi ógnunum og ofbeldi sem verður að horfast í augu við—án þess að láta segja sér að slíkt gerist ekki í „hinsegin paradísinni“ Íslandi.

3.8. Mikilvægustu réttindin

Það er áhugavert að lesa í þessu ljósi svör þátttakenda í netkönnuninni við spurningunni um hvaða lagalegu réttindi sem hinsegin fólk nýtur séu að þeirra mati mikilvægust. 10 bentu á lögin um kynrænt sjálfræði og voru það alls ekki eingöngu trans og kynsegin fólk sem svo gerði. Sjö minntust á vernd gegn mismunun. Aðeins fimm minntust á „ein hjúskaparlög“, þ.e. löggjöfina frá 2010 sem tryggði jafnrétti til hjónabands. Þetta kynni að koma á óvart í ljósi vægis þeirra laga í opinberri umræðu á Íslandi en kann að endurspeglar þá staðreynd að ein hjúskaparlög voru jafnan rangnefnd „lög um hjónabönd samkynhneigðra“ í umræðunni um þau á sínum tíma og lítil sem engin athygli vakir á því að lögin opnuðu hjónabandsformið fyrir öll fullorðin pör óháð kyngervi eða kynhneigð (Vilhjálmsson 2024).

Þessi staða endurspeglar í viðtalinu við Sigríði. Aðspurð hvaða lagalegu réttindi hinsegin fólks henni þættu mikilvægust benti hún á lögin um kynrænt sjálfræði „þótt það

snerti mig ekki beinlínis persónulega, en það snertir margt fólk sem ég þekki og sem ég elska“. Hún minntist einnig á fjölskylduréttindi og önnur borgaraleg réttindi fyrir fólk í samkynja samböndum sem og lagalega vernd gegn mismunun, hatursorðræðu og hatursglæpum, en hún segir þó að sú löggjöf „sé frekar veikburða“. Raunar sé vel hægt að stofna félag í kringum hatur á hinsegin fólki og fá engu að síður vernd frá hinu opinbera:

Við höfum engar leiðir til að koma í veg fyrir að einhver haturssamtök skrái sig sem bara venjuleg félagasamtök og njóti þannig ívilnana frá ríkissjóði, eða styrkjendur þeirra þ.e.a.s., því það er mjög *loose* hvernig fólk kemst inn á almannaheillaskrá skattsins ... Við höfum einhvern veginn ekkert í höndunum hvað það varðar, það verður að falla dómur, og á sama tíma og mér finnst félagafrelsi brjálæðislega mikilvægt þá verðum við að geta tekist á við þetta ... Það er enginn viðnámskraftur þarna.

Á sömu nótum bendir Freyja sérstaklega á hve mikilvæg henni finnist vernd gegn hatursorðræðu og hatursglæpum en kvartar líka undan því að þau réttindi virðist vera meira á blaði en virk. Samtökin '78 hafi nokkrum sinnum reynt að notfæra sér löggjöfina til að kæra hatursorðræðu en árangurinn hafi látið á sér standa: „Við höfum engin verkfæri í höndunum til þess að verja okkur: Þó svo að við séum með löggjöf, þá bara virkar hún ekki“, að hennar mati. Hatursorðræðan hafi síst minnkað, heldur raunar þvert á móti. Fælingarmáttur löggjafarinnar er greinilega lítill sem enginn.

Þannig birtast hér tvö meginþemu. Í fyrsta lagi að hinsegin fólk virðist líta á réttindi jaðarsettustu hópanna innan hinsegin samfélagsins sem nátengd sínum eigin, jafnvel þótt þau tilheyri þeim ekki sjálf: Árás á réttindi eins hóps hinsegin fólks er talin hafa áhrif á þá alla. Í öðru lagi er víðtæk tilfinning fyrir því að þau mikilvægu réttindi að þurfa ekki að líða hatursorðræðu um sjálfan sig séu ekki nægilega tryggð innan íslensks samfélags dagsins í dag: Eitthvað þurfi að breytast til að þau ákvæði verði raunverulega virk.

3.9. Mikilvægi félagslegs rýmis

Í viðtölunum við Freyju og Rökkur birtist áberandi sameiginlegt þema: Mikilvægi sérstaks rýmis fyrir hinsegin fólk til þess að finna til öryggis innan og blómstra. Þó var nokkur munur á því rými sem kallað var eftir milli kynslóðanna. Rökkur taldi sig vera í öruggri og góðri félagslegri stöðu ekki síst vegna þess að „hinsegin fólk á það til að hópa sig saman“ og hafði það reynst háni vel. Hán var í stjórn hinsegin félags og mikið í leiklist, en það er „mikið af *neuro-spicy* og hinsegin fólki sem leitar þangað“. Hán hafði valið sér sjálft hópinn sem hán umgekkst og innihélt sá hópur bara fólk sem var opið fyrir einhverjum eins og háni: „Maður veit að það er enginn að fara að dæma mann út frá því hver maður er, bara hvað maður gerir — það er mikilvægt að geta verið bara maður sjálfur.“ Þetta er sérstaklega mikilvægt fyrir hinsegin fólk, því „ef blóðfjölskyldan þín skilur [hinseginleikann] ekki þá er svo mikilvægt að

vera með einhvern í kringum sig sem styður við þig alveg 100%, og það er mjög oft hinsegin samfélagið“.

Sögulega séð hafa jafnan verið miklir „hinsegin fólksflutningar“ frá landsbyggðinni til borga einmitt út af skorti á slíku hinsegin samfélagi utan borga. Rökkur taldi þetta hafa færst til betri vegar. Hán sá ekki að neitt ýtti hinsegin fólki frá sínum eigin heimabæ og til höfuðstaðarins lengur. Fyrir Rökkri var það afar mikilvægt að hafa hinsegin samfélag til staðar í sínum heimabæ til þess að ganga inn í og njóta samþykktar og öryggis innan. Slík samfélög styrkjast af því að hafa sérstök hagsmunafélög fyrir hinsegin fólk í héraði, en þau eru raunar afar ný af nálinni: Hinsegin Norðurland var stofnað 2016, Hinsegin Austurland árið 2020 og Hinsegin Vesturland árið 2021. Með dreifingu slíkra félaga um landið á undanförmum árum hafa því opnast frekari tækifæri fyrir hinsegin félagslíf og hinsegin rými á landsbyggðinni. Frásögn Rökkurs undirstrikar mikilvægi þess að slík félög séu starfrækt vítt og breitt um landið og að þau fái styrk til að blómstra. Því bendir viðtalið við hán til þess að opinberir styrkir til hinsegin félaganna á landsbyggðinni gæti verið öflug og skynsamleg aðgerð til hagsbóta fyrir hinsegin fólk sem þar býr.

Freyju fannst hins vegar erfitt að taka þátt í almennu hinsegin félagslífi í ljósi þeirra skörpu kynslóðaskipta sem hafa orðið innan samfélagsins. Þannig verður það, að mati Freyju, erfiðara fyrir eldra hinsegin fólk að taka þátt í félagsstarfi með yngra þar sem upplifunin er að kynslóðirnar eigi minna og minna sameiginlegt. Nýlega hafa S78 staðið fyrir því að halda fundi sérstaklega fyrir eldra hinsegin fólk. Freyja hafði reynt að taka þátt í þeim en þótti stofnað til hittingsins á helst til pólitískum forsendum, byggt á hugmyndum um að virkja eldra hinsegin fólk í baráttunni. Það sem Freyja sóttist eftir var annað: „Ég lýsi eftir því að geta bara hitt vini mína“. Því eins og Freyja segir: „Ef það er eitthvað sem mætti varðveitast úr okkar spjalli í dag þá er það ... að það er erfitt fyrir okkur sem erum eldri að finna flöt á að hitta hvert annað“. Þetta gæti tengst almennri og víðtækri þróun í vestrænum samfélögum þar sem „þriðju staðirnir“ svokölluðu eru á fallanda fæti. Þriðju staðir (e. *third places*) er hugtak úr smiðju bandaríska félagsfræðingsins Ray Oldenburg og vísar til staða utan heimilisins („fyrsta staðarins“) og vinnunnar („annars staðarins“) þar sem fólk úr ólíkum áttum safnast saman og á í frjálsum samskiptum sín á milli: Ódýr kaffihús og barir, bókabúðir, bókasöfn, félagsheimili o.s.frv. Með millistéttaþróun miðborga og aukinni nýfrjálshyggju og einstaklingshyggju hafa slíkir staðir látið undan og einmanaleiki aukist í réttu hlutfalli við það (Oldenburg 1999). Þriðji staðurinn er, að mati Freyju,

það sem ég held að mörg okkar vanti því að það eiga ekki allir þéttofinn vinalup ... fólk var auðvitað mistengt öðrum [í hinsegin samfélaginu á 9. og 10. áratugnum], það leið mörgum mjög illa í gamla daga, það voru bæði geðræn veikindi og það var mikill vímuefnavandi og þetta er kannski fólk sem kemur sér ekki að því að reyna að taka upp þráðinn við einhvern og það verður dálítið einangrað.

Ofan á þetta bætist önnur sérstaða kynslóðar Freyju:

Ég var ... að hugsa um mína kynslóð, við skulum segja um fólkið sem var í Samtökunum þegar ég kom þangað, sem er á bilinu 60–80 [ára], og eitt sem ég held að sé klárlega öðruvísi hjá okkur en hjá einhverjum samanburðarhópi heterósexúalfólks er að við eigum færri börn, við erum kynslóðirnar sem höfðum engan aðgang að því að eignast börn.

Lesbísk þör fengu til dæmis enga aðstoð frá heilbrigðiskerfinu til þess að eignast börn, hvort sem það var með gjafasæði eða tæknifrjógungun, fyrr en umfangsmiklar lagabreytingar í þágu hinsegin fólks tóku gildi árið 2006. Þetta hafði víðtæk áhrif á þá kynslóð hinsegin fólks sem var á barneignaraldri meðan á banninu stóð. Eins og Freyja segir:

Ég held, þegar maður kemst á efri árin, að rökrétta yfirfærslan á vinnuálaginu er að börnin þín byrja að hjálpa þér—ef þú átt börn sem sagt—og þar lendum við í tómarúmi, mörg okkar, og ég er til dæmis að upplifa það að núna þegar getan er byrjuð að dvína—og ég er svo sem frekar snemma á ferðinni því ég er bara svo mikill sjúklingur, en ég gæti líka alveg verið 75 ára og ég myndi samt ekki eiga nein börn—að maður grípur í tómt með stuðningsnetið.

Þannig verður fjölskyldumynstrið öðruvísi hjá hinsegin fólki af þessari kynslóð en hjá bæði gagnkynhneigðum kjarnafjölskyldum og hjá yngra hinsegin fólki sem fékk tækifæri til barneigna. Á móti kom að það mynduðust afar sterk bönd á milli þeirra sem Freyja kallar „hina fjölskylduna“ sína—samfélag hinsegin fólks sem hittist í höfuðstöðum S78, sem á þessum árum var við Lindargötu 49, og kom oft í staðinn fyrir blóðfjölskyldur þessa sama fólks sem hafði hafnað þeim. Freyja saknar þess samfélags sem myndaðist þar. Þar var stórmerkilegt hinsegin bókasafn, þar voru haldnir reglulegir fundir og böll og alltaf nóg um að vera: Fullkomið sýnidæmi um þriðja stað.

Ég held að ... mín kynslóð ... hana vantar dálítið félagsheimilið sitt ... ég er svo heilsulaus að ég get ekki séð um þetta, nú er ég kominn á þann aldur ... að ég get ekki lengur verið gerandi—það er svolítið það sem eldri hópurinn upplifir, maður er búinn að vera gerandi alla ævi, vera í baráttunni, allir voru að gera það sem þeir gátu, sumir voru að skrifa bréf til forsætisráðuneytisins og aðrir voru bara að baka vöflur, því að það þurfti allt, því þessi starfsemi var eins og lítið þorp ... þetta var svona smá Búðardalur ... þetta var svona míkroskosmos.

Freyja bendir þannig á þörfina fyrir sérstök félagsleg úrræði fyrir eldra hinsegin fólk og öryrkja sem hjálpar því að sleppa úr þeirri félagslegu einangrun sem getur verið fylgifiskur barnleysis, skorts á vinnustað og hvarfs þriðju staðanna. Það má raunar halda því fram að það sé

réttlætismál að hið opinbera komi að því að byggja slík úrræði upp, enda var það hið opinbera sem stóð í vegi fyrir að hinsegin fólk eignaðist börn allt fram til ársins 2006.

Í þessari umræðu birtast þannig tvö meginþemu. Í fyrsta lagi er það mjög mikilvægt gagnvart hinsegin fólki á landsbyggðinni að byggja upp og styrkja félög hinsegin fólks sem starfa í þeirra heimabyggð. Slíkt getur verið lyftistöng fyrir hvers kyns aðra hinsegin eða hinsegin-jákvæða félagslega starfsemi sem getur hjálpað ungu hinsegin fólki að finna öruggt og styðjandi rými. Slíka starfsemi er vert að styðja og styrkja þessum hópum til hagsbóta. Í öðru lagi sést vel mikilvægi þess að byggja upp viðlíka félagsleg rými sérstaklega fyrir eldra hinsegin fólk og hinsegin öryrkja, enda eru þessir hópar líklegri til að búa við félagslegar aðstæður sem ýta undir einmanaleika, svo sem barnleysi og skort á tengslum í gegnum vinnustað.

3.10. Hugmyndir að aðgerðum

Þegar spurt var um hugmyndir þátttakenda netkönnunarinnar um hvað bæri að gera til að bæta stöðu hinsegin fólks á Íslandi, þá var aukin fræðsla um hinsegin fólk og hinsegin líf algengt viðkvæði. Átta þátttakendur bentu á mikilvægi þessa, bæði á vinnustöðum, hjá klínískum sálfræðingum og fyrir opinbera starfsmenn svo sem kennara, lækna og hjúkrunarfræðinga. Eins og Rökkur benti á, þá er það þannig að „fólk sem upplifir [hinseginleikann] ekki veit ekki hvernig þetta er. Ef þú veist ekki, hvernig áttu að geta skilið?“ Því vildi hán „auka fræðslu í framhaldsskólum og grunnskólum, gefa fólki tækifæri á að skilja“, og er þetta raunar í samræmi við markmið Aðalnámskrár (2.1.4; sjá einnig 24.2, 7.2, 8.1 og 8.2) („Aðalnámskrá“, e.d.).

Margir vildu umbætur í opinberri þjónustu, svo sem í heilbrigðiskerfinu og sérstaklega þegar kom að aðgengi að sálfræðingum. Þó tóku margir líka fram að þetta bættu aðgengi ætti að vera fyrir alla, ekki hinsegin fólk eingöngu, þar sem hagsmunir hinsegin fólks eru samtvinnaðir hagsmunum heildarinnar. Eins og þankynhneigð kona á fimmtugsaldri orðaði það, þá bitnar „allur niðurskurður á [opinberri þjónustu] ... á hinsegin fólki með beinum hætti“. Þó stakk einn þátttakandi upp á því að stofnað yrði sérúrræði fyrir hinsegin fólk: Hinsegin heilbrigðisklíník. Nokkrir beindu athyglinni inn á við að hinsegin samfélaginu sjálfu og töluðu um að styrkja þyrfti hinsegin félagsstarf og hinsegin félagsmiðstöðvar fyrir ungt fólk. Einnig minntust nokkrir á að styrkja þyrfti vernd gegn hatursorðræðu og hatursglæpum, sem tíðkast að mestu refsilaust, sérstaklega á netinu, þrátt fyrir að vera formlega bannað með lögum eins og áður var frá sagt. Einn vildi þrengja fjárveitingar hins opinbera til trúfélaga sem hatast við hinsegin fólk og annar vildi fá fleiri félagsfræðilegar rannsóknir á hópi hinsegin fólks. Þrítugur hommi frá höfuðborgarsvæðinu tók vel saman algengustu stefin í sínu svari:

[Það þarf að t]ryggja farsælt ævikvöld hinsegin fólks. Tryggja heildstæðan skilning heilbrigðiskerfisins á hinsegingtengdum flækjum og þjónustu, sérstaklega gagnvart trans og intersex fólki. Tryggja jafnan rétt samkynja foreldra. Tryggja fjármögnun Samtakanna '78. Sporna við uppgangi

haturshópa, hvort sem það eru hópar sem hatast við hinsegin fólk eða annað jaðarsett fólk. Sporna við hættulegri orðræðu í samfélaginu. Byggja upp jákvæðar fyrirmyndir.

Þá voru samtunnunaráherslur áberandi í tillögum samkynhneigðrar eða pankynhneigðrar konu á fimmtugsaldri:

[Það þarf að leggja áherslu á að bæta stöðu þeirra sem eru jaðarsettust. Það hefur líka góð áhrif á stöðu hinsegin fólks sem er ofar í virðingarstiganum ... [Það er mikilvægt að muna að það er hinsegin fólk í öllum jaðarsettum hópum. Að þegar við skerðum réttindi eins hóps (t.d. innflytjenda og flóttafólks) þá erum við líka að skerða réttindi hinsegin fólks.

Þetta kemur vel saman við hugmyndir trans konu á þrítugsaldri frá Venezuéla sem kallaði eftir aukinni inngildingu í skólum og „úrræðum fyrir hinsegin innflytjendur eins og mig“. Ein trans og kynsegin manneskja á þrítugsaldri vildi sérstaklega auka fræðslu og samtal um trans málefni til að draga úr ótta meðal fólks um að tala „vitlaust“ við trans fólk. Slíkur ótti leiddi til óviðeigandi samskiptamáta „eins og það sé verið að tala við frík“, þar sem fólk væri „einþver veginn bæði of hrætt til að opna munninn og líka nægilega vogað til að spyrja gríðarlega óviðeigandi spurninga“. Hún vildi því stofna til

vitundarvakningarherferðar sem segði einfaldlega: „Ég er bara bókstaflega venjuleg foking manneskja, þú þarft ekki að vera hræddur við að segja eitthvað vitlaust nema þú heldir að það sé í lagi að spyrja bláókunnuga manneskju hvað sé milli fótanna á henni“ ... Ég vil bara að fleiri fái fræðslu um að við séum bara fólk: „Við erum börnin ykkar, við erum systkini ykkar, við erum foreldrar ykkar, við erum barþjónninn á hverfisbarnum ykkar, við erum kennarinn ykkar og nágrenni ykkar“.

Sigríður tekur undir þessa hvatningu um fræðslu og vill hreinlega að stjórnvöld „taka á upplýsingaóreiðu í tengslum við trans málaflokkinn“ og „hreinlega gefi út réttar upplýsingar“, en viðurkennir þó jafnframt að það geti verið tvíeggjað sverð: Samsæriskenningsmiðir líti á slíka opinbera upplýsingagjöf sem sönnun fyrir réttmæti samsærisins. Sigríður bendir á að frjálslýnt fólk „sitji dálítið þegjandi hjá“ í opinberri umræðu þessa dagana, láti hlutina yfir sig ganga og „voni að akkerið haldi“. Sigríður vill berjast gegn þessu með því að efla lýðræðisvitund og fá fólk til að

taka þátt í umræðunni, líka þegar hún er eldfim, [og] verja þau gildi sem við erum að reyna að lifa eftir, því það er svo mikil hætta á því að umburðarlynt fólk dragi sig í hlé gagnvart yfirgangi þeirra sem tala fyrir umburðarleysi ... Fólk hefur dregið sig í hlé og ... er ekki að tala hátt og skýrt fyrir mannréttindum. En

... það er hægt að gera fólki grein fyrir því að [það þurfi að] nota röddina sína og segja „Ég er ósammála þér!“ ... Ég held að í nútíma lýðræðissamfélagi, þar sem fólk fær upplýsingar sínar á mismunandi stöðum, þá er þetta bara nauðsyn ... Þannig að [ég vil] efla lýðræðisvitund—kenna fólki að tala saman— og það þarf að manneskjuvæða málaflökk hinsegin fólks, því það er búið að afmenna okkur út í hið óendanlega. Þannig að stjórnvöld ættu að setja pening í að segja sögurnar okkar ... það eru þessir hlutir sem gera okkur mannleg í augum fólks og þess virði að njóta réttinda. Fyrir mér er þetta það mikilvægasta.

Að mati Sigríðar var þetta ekki bara vandamál hinsegin fólks og aðstandenda þess, heldur vandamál allra:

Niðurbrot hinsegin réttinda er forleikurinn að niðurbroti lýðræðis í ríkjum... það bara gerist aftur og aftur—það er bara skýrt trend—þegar það er ráðist að minnihlutahópum, þá er næst á dagskrá veiking lýðræðislegra stofnana, dómstóla o.s.frv., þannig að það er til mikils að vinna að standa vörð um þessi réttindi, koma í veg fyrir að það takist að gera þau að einhverju máli sem fólk þorir ekki að snerta á.

Freyja benti helst á tvennt sem hún myndi vilja sjá breytast. Í fyrsta lagi vildi hún að löggjöfin gegn hatursglæpum og hatursorðræðu fengju raunverulega virkni og fælingarmátt, sem greinilega skorti í dag, eins og áður var minnst á. Í öðru lagi leggur Freyja áherslu á hversu miklu máli fortíðin skiptir fyrir fólk af hennar kynslóð—og þá sérstaklega arfleið AIDS-faraldursins:

Við sem göngum með AIDS-PTSD—sem við erum klárlega með—það er bara gríðarlegur skaði á þessum kynslóðum, þetta sem við upplifðum. Við triggerumst alveg örugglega yfir þessu. Ég hef nú nefnt það ... að við hefðum þurft að fá aðstoð við að tala um alnæmið og tala um þessa tíma og tala um það sem við urðum fyrir. Ríkið hefði átt að biðja okkur afsökunar og bjóða okkur hjálp. Ég veit að vöggustofubörnin fengu 10 tíma hjá sálfræðingi [hlær], það var nú allt og sumt, en 10 tímar hjá sálfræðingi sem þekkir til eða hefur kynnt sér nákvæmlega þessi málefni, þ.e.a.s. PTSD alnæmiskynslóðarinnar, gætu hugsanlega verið mjög hjálplegir ... [til] að sinna þessu sári, því við höfum aldrei talað um þetta, við höfum aldrei fengið neina fókuseraða hjálp.

Staðreyndin er sú að AIDS liggur enn eins og mara yfir hinsegin samfélaginu og sérstaklega þeim sem upplifðu faraldurinn. Freyja er með kökk í hálsinum þegar hún talar um hann:

Þetta var bara eitthvað ... *crazy war zone* og það voru allir í tilfinningalegu losti sem komu nálægt Samtökunum eða voru í þessu samfélagi [hinsegin fólks], það vissi enginn neitt! Og jafnaldrar mínir í íslensku samfélagi, upp til hópa, vita ekki neitt um þetta ... það voru engin lyf [við AIDS], bara jarðarfirir! Það er verið að tala um að covid-unglingarnir munu aldrei ná sér, halló! Má tala um okkur líka? Við munum aldrei ná okkur ... Þetta er svo mikið tráma.

Í þessu samhengi vill Freyja sjá almennilegt uppgjör við AIDS-faraldurinn í íslensku samfélagi, uppgjör sem myndi ekki aðeins miða að því að gera upp söguna, heldur líka að því að hjálpa hinsegin fólki af hennar kynslóð í gegnum þau áföll sem faraldurinn og viðbrögð stjórnvalda og samfélagsins við honum ollu.

4. Samantekt og niðurstöður

Í þeim gögnum sem hér hefur verið safnað saman birtist allt önnur mynd af stöðu og líðan hinsegin fólks en formleg réttindi þess ein og sér segja til um. Það er, með öðrum orðum, ósamræmi á milli hinna framsæknu formlegu réttinda hinsegin fólks á Íslandi annars vegar og hinnar öllu bágari reynslu þess hins vegar.

Hinsegin fólk á Íslandi—hafi það kennitölu—nýtur formlega frelsis til að giftast, skilgreina kyn sitt gagnvart hinu opinbera, skipta um nafn og lifa og starfa án mismununar, áreitni og fordóma. Það getur eignast börn, ættleitt börn, og fengið aðgengi að tækniþjónvæðingum. Það á rétt á heilbrigðisþjónustu og félagslegri aðstoð. En veruleiki þessa fólks, samkvæmt gögnunum sem hér hefur verið safnað saman, er annar. Strax í æsku stíga hinsegin börn inn í veruleika sem er erfiðari fyrir þau en meirihluta jafnaldra þeirra. Rannsóknir benda til þess að líðan þeirra á skólagöngu sé markvert verri en samanburðarhópa, sjálfsvígshætta meiri, aukið þunglyndi og kvíði. Það er miklu útsettara fyrir ofbeldi, hvort sem það er andlegt, líkamlegt eða kynferðislegt. Trans og kynsegin fólk upplifir lúmska fordóma innan heilbrigðiskerfisins og viðnám frá opinberum kerfum varðandi nafna- og kynjaskráningar, þrátt fyrir lög um kynrænt sjálfræði. Hinsegin fólk af erlendum uppruna upplifir mismunun sem vex eftir því sem fólkið fjarlægist staðalmynd hins íslenska hinsegin einstaklings—hvítur, innfæddur, íslenskumælandi, úr millistétt, oftast samkynhneigður. Sumir—hælisleitendur eða innflytjendur frá löndum utan Schengen-svæðisins—hafa ekki kennitölur og því afar takmarkaðan aðgang að þeim réttindum sem innfætt, kennitöluberandi hinsegin fólk hefur. Stigveldið er áberandi.

Þegar það hinsegin fólk sem þessi skýrsla náði til var spurt að því hvað gera þyrfti til að bæta þetta ástand voru svörin margvísleg en áherslurnar þó oft líkar. Í því sem fylgir hér á eftir verða þessar áherslur dregnar saman í sex meginpunkta. Hér verður eingöngu einblínt á það sem kemur fram í netkönnuninni og viðtalsgögnunum en ekki verður horft til annarra nýlegra tillagna frá samtökum og ráðstefnum, svo sem ábendingar ILGA Europe sem fjallað var um að ofan (sjá kafla 2.1), nýlegar tillögur frá S78 um aðgerðir til hagsbóta fyrir hinsegin fólk (Stjórn Samtakanna '78 2024) eða þær aðgerðir sem samþykktar voru á hinni nýafstöðnu Norrænu hinsegin öldrunarráðstefnu („Yfirlýsing Norrænu hinsegin öldrunarráðstefnunnar í Stokkhólmi 6. október 2024“ 2024). Það er þó ekki til að draga úr mikilvægi þeirra ábendinga heldur eingöngu til að forðast tvítekningu: Líta má á allar þessar nýlegu tillögur til aðgerða, auk þessa kafla í skýrslunni, sem eina heildstæða og yfirgripsmikla hvatningu til hins opinbera.

1. **Aukin fræðsla.** Í gögnum þessarar skýrslu er lögð endurtekin áhersla á þörfina fyrir aukna fræðslu um hinseginleika, hinsegin málefni, hinsegin hagsmuni, hinsegin sérstöðu og hinsegin líf. Tilgangurinn er tvíþættur: 1) Að eyða fáfræði, fordómum og bábiljum um hinsegin fólk annars vegar og 2) að manneskjuvæða hinsegin fólk í opinberri umræðu hins vegar. Þessarar fræðslu er þörf innan heilbrigðiskerfisins, sérstaklega um málefni trans, kynsegin og intersex fólks, hjá stétt sálfræðinga, í skólum,

á vinnustöðum og í félagsþjónustu, til að nefna aðeins nokkra mikilvægustu aðilana. Nánar til tekið mætti grípa til eftirfarandi aðgerða:

- a. Að festa í sessi og tryggja til frambúðar opinbera fjármögnun S78, sérstaklega fræðslustarfsemi Samtakanna.
 - b. Að styrkja og efla skólakerfið til þess að 1) fræða nemendur um hinsegin málefni, tilveru, sögu, baráttu o.s.frv. í samræmi við Aðalnámskrá og 2) til að bæta líðan hinsegin nemenda innan veggja skólanna.
 - c. Að hvetja eða jafnvel, í tilfalli opinberra aðila, skylda stofnanir og vinnustaði til að bjóða upp á fræðslu um hinsegin málefni.
 - d. Að ráðast í vitundarvakningarherferð um stöðu jaðarsetts hinsegin fólks, sérstaklega trans og kynsegin fólks, með það að markmiði að segja sögur þess og berjast gegn fordómum gagnvart því.
2. **Efling félagsstarfs hinsegin fólks.** Líðan og staða fólks batnar ef því finnst það tilheyra stærra samhengi, þ.e.a.s. samfélagi sem samþykkir það og umvefur það. Í tilfalli hinsegin fólks, sem glímir almennt við verri líðan og stöðu en samanburðarhópar, er þetta sérstaklega mikilvægt. Þannig er eldri kynslóð hinsegin fólks líklegri til að finna til einmanaleika, þar sem hún hefur lifað í öðruvísi fjölskyldumynstri en fyrrnefndir samanburðarhópar. Hinsegin öryrkja skortir í ofanálag félagslegt samhengi vinnustaðarins. Ungt hinsegin fólk, sérstaklega hinsegin börn og unglingar, þurfa bæði stuðning hinsegin jafnaldra sinna og aðstoð og hvatningu frá þeim sem eldri eru. Loks hefur hinsegin fólk á landsbyggðinni þörf á að ganga inn í samfélög sinna líka í sinni heimabyggð frekar en að þurfa að flytjast búferlum til að finna slíkt. Hér mætti grípa til eftirfarandi aðgerða:
- a. Að styrkja hinsegin félögin úti um allt land til þess að eignast og halda við húsnæði þar sem halda má úti félagsstarfsemi fyrir fjölbreytilega hópa hinsegin fólks, með sérstaka áherslu á eldra hinsegin fólk og öryrkja.
 - b. Að koma á fót og styrkja hinsegin félagsmiðstöðvar fyrir ungt fólk úti um allt land, líkar þeirri sem þegar er starfrækt í Reykjavík.
3. **Vernd gegn hatri.** Í opinberum orðræðum dagsins í dag ber mikið á hatri, bábiljum og fordómum gagnvart hinsegin fólki, sérstaklega trans fólki. Slík hatursorðræða getur auðveldlega leitt til hatursglæpa. Hinsegin fólk finnur fyrir óöryggi vegna þessa. Það er því mikilvægara en nokkru sinni að vernda hinsegin fólk gegn hatursorðræðu og hatursglæpum. Hér mætti grípa til eftirfarandi aðgerðar:
- a. Að endurskoða framkvæmd laga um hatursglæpi og hatursorðræðu með það að markmiði að lögín þjóni sínu hlutverki til fulls, þ.e. hafi fælingarmátt sem

raunverulega verndi hinsegin fólk fyrir hatursorðræðu og hatursglæpum þegar þörf krefur.¹⁰

4. **Samtvinnun í stað aðgreiningar.** Í gögnum þessarar rannsóknar bendir hinsegin fólk oft á að hagsmunir þess séu ekki *bara* hagsmunir þess sjálfs heldur *samtvinnaðir* hagsmunum annarra, bæði annarra hópa hinsegin fólks sem eru jaðarsettari en það sjálft en líka hagsmunum jaðarsetts fólks á Íslandi *almennt*. Þannig snertir það til dæmis hinsegin fólk þegar réttindi fólks á flóttu til að sækja um hæli á Íslandi eru þrengd. Fyrir utan hið augljósa—að stöðva hinsegin hælisleitendur frá því að fá hér vernd—þá ýtir slík þrenging undir aukna hörku og fyrirlitningu í opinberri umræðu á jaðarsettum hópum almennt, þar með töldu hinsegin fólki. Sama má til dæmis segja um niðurskurð til heilbrigðiskerfisins eða vanfjármögnun þess, sem snertir allt hinsegin fólk á einn eða annan hátt en þó sérstaklega trans og intersex fólk sem reiðir sig mjög á að fá þar þjónustu. Þannig sést að *jöfnuður í samfélaginu* er hinsegin fólki til góða en *aðgreining jaðarsettra hópa hvor frá öðrum* er því til vansa. Því mætti til dæmis grípa til eftirfarandi aðgerða:
 - a. Að breyta lögum um alþjóðlega vernd á þann hátt að sérstaklega sé minnst á hinseginleika (kynhneigð, kynvitund, kyneinkenni og kyntjáningu) sem þátt sem taka beri tillit til þegar kemur að veitingu verndar. Þetta er einnig í samræmi við tillögur ILGA Europe.
 - b. Að breyta verkferlum við meðferð hælisumsókna á grundvelli hinseginleika svo að tillit sé tekið til þess hversu fjölbreytilegur hinseginleiki er; skilningur þarf að vera til staðar á að hinseginleika beri að skilja í samhengi við félagslegan veruleika landsins sem flúið er frá en ekki þess sem flúið er til.
 - c. Að tryggja aðgengi að heilbrigðiskerfinu fyrir jaðarsettustu hópana (t.d. trans fólk af erlendum uppruna sem ekki hefur kennitölu).
 - d. Að tryggja rétt jaðarsettra hópa til þátttöku í samfélaginu á jafnréttisgrundvelli (t.d. í skólakerfinu) og hafna hvers konar aðskilnaði þeirra frá meirihlutasamfélaginu, t.d. í svokölluðum „lokuðum búsetuúrræðum“ og sérskólum.
5. **Uppgjör gagnvart sögunni.** Eins og þekkt er er sagan aldrei að fullu liðin; þvert á móti heldur hún áfram að móta líf fólks hvort sem það áttar sig á því eður ei. Þegar kemur að sögu hinsegin fólks er eitt mikilvægt tímabil sögunnar enn óuppgert: Tími alnæmisfaraldursins, sem enn hefur sterk áhrif á allt hinsegin fólk en sérstaklega þau sem eldri eru og upplifðu siðfár, fordæmingu og skelfingu tímabilsins á eigin skinni. Því mætti grípa til eftirfarandi aðgerða:

¹⁰ Hér er vert að benda á yfirgripsmikla þingsályktunartillögu um „Aðgerðaáætlun gegn hatursorðræðu fyrir árin 2023–2026“ sem lögð var fram á þingi árið 2023 (123/795) en hefur ekki verið samþykkt. Margt í tillögunni er í góðu samræmi við tillögur þessarar skýrslu.

- a. Að ráðist verði í opinbera rannsókn á sögu faraldursins hér á landi og/eða akademískar rannsóknir á honum styrktar.¹¹
 - b. Að niðurstöður rannsókna yrðu metnar með það í huga hvort hið opinbera þurfi að biðja hinsegin fólk afsökunar á framferði sínu á meðan faraldurinn var í algleymingi.
 - c. Að farið yrði í opinberar aðgerðir til að koma til móts við eldra hinsegin fólk sem á um sárt að binda vegna faraldursins, til dæmis með því að bjóða því sálfræðiaðstoð frá áfallasérfræðingum endurgjaldslaust.
6. **Auknar rannsóknir.** Eins og áður var rakið eru þær takmörkuðu rannsóknir sem voru gerðar í samhengi þessarar skýrslu engan veginn fullnægjandi til að gera tæmandi úttækt á stöðu, líðan og réttindum hinsegin fólks á Íslandi. Slíkt myndi krefjast miklu meira fjármagns og miklu meiri tíma en fékkst við vinnu skýrslunnar. Því mætti hið opinbera styrkja eða hvetja sérstaklega til fræðilegra rannsókna á eftirfarandi sviðum þar sem ríkir mikill skortur á þekkingu:
- a. Staða og líðan eldra hinsegin fólks á Íslandi
 - b. Staða og líðan tvíkynhneigðra á Íslandi
 - c. Staða og líðan trans og kynsegin fólks á Íslandi
 - d. Réttindi, staða og líðan intersex fólks á Íslandi
 - e. Réttindi, staða og líðan hinsegin innflytjenda, hælisleitenda og flóttafólks á Íslandi
 - f. Staða og líðan hinsegin fólks á landsbyggðinni á Íslandi
 - g. Staða og líðan hinsegin öryrkja á Íslandi
- Þá skal tekið fram að þessir hópar útiloka auðvitað ekki hver annan og þyrftu allar rannsóknir að taka tillit til þess.

Líklegt verður að teljast að með þessum sex aðgerðum mætti færa réttindi, stöðu og líðan hinsegin fólks á Íslandi til betri vegar og það á stundu í sögunni þegar allt slíkt virðist vera að færast í öfuga átt á heimsvísu. Ef íslenska ríkið gæti markað sér sérstöðu hvað þá þróun varðar væri mikið til unnið.

¹¹ Hafdís Erla Hafsteinsdóttir sagnfræðingur vinnur, þegar þetta er skrifað, að doktorsverkefni sem rannsakar sögu faraldursins og er það fyrsta rannsókn sinnar tegundar hér á landi.

Heimildaskrá

- „Aðalnámskrá“. e.d. Aðalnámskrá. Sótt 10. desember 2024. <https://adalnamskra.is/>.
- Allen, Derek T. 2020a. „Ekki láta regnbogafánann plata þig: Við fögnum ekki fjölbreytileikanum eins mikið og við höldum“. *Tímarit Hinsegin daga* 16 (1): 19–23.
- . 2020b. „Rasismi meðal samkynhneigðra manna“. *Vísir*. 6. nóvember 2020. <https://www.visir.is/g/20201979576d/ras-ismi-medal-sam-kyn-hneigdra-manna>.
- Andrésdóttir, Iðunn. 2023. „Regnbogafánar skornir niður í skjóli nætur“. *Mbl.is*. 4. ágúst 2023. https://www.mbl.is/frettir/innlent/2023/08/04/regnbogafanar_skornir_nidur_i_skjoli_naetur/.
- Arnarsson, Ársæll, Sigrún Sveinbjörnsdóttir, Einar B. Þorsteinsson og Þóroddur Bjarnason. 2015. „Suicidal Risk and Sexual Orientation in Adolescence: A Population-Based Study in Iceland“. *Scandinavian Journal of Public Health* 43 (5): 497–505. <https://doi.org/10.1177/1403494815585402>.
- Auðardóttir, Auður Magnús. 2023. „„Finnst ég aldrei standa mig og man ekki neitt“: Samviskubit, kvíði og skömm mæðra og feðra í tengslum við skóla- og tómsundavinnu barna“. *Netla*, desember. <https://doi.org/10.24270/netla.2023/17>.
- Auðardóttir, Auður Magnús, og Íris Ellenberger. 2024. „Great Parents in a Superior Country: The Construction of LGBTQ+ Parents in Icelandic Media“. *LGBTQ+ Family: An Interdisciplinary Journal* 20 (1): 1–17. <https://doi.org/10.1080/27703371.2023.2248918>.
- Ásgeirsdóttir, Þóra Kristín. 2008. „Þrjátíu ára stríðið“. Í *30 ára afmælisrit Samtakanna '78*, ritstýrt af Þóru Kristínu Ásgeirsdóttur, 22–44. Reykjavík: Samtökin '78.
- Benediktsdóttir, Ásta Kristín. 2017. „„Sjoppa ein við Laugavegin [...] hefur fengið orð á sig sem samkomustaður kynvillinga“: Orðræða um kynvillinga og listamenn á sjötta áratug tuttugustu aldar“. Í *Svo veistu að þú varst ekki hér. Hinsegin sagnfræði og hinsegin saga á Íslandi*, ritstýrt af Írisi Ellenberger, Ástu Kristínu Benediktsdóttur, og Hafdís Erlu Hafsteinsdóttur, 147–83. Reykjavík: Sögufélag.
- Bjarnason, Álfur Birkir, og Daníel E. Arnarsson. 2022. „Umsögn Samtakanna '78 um tillögu forsætisráðherra til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í málefnum hinsegin fólks 2022–2025“. Alþingi. <https://www.althingi.is/alttext/erindi/152/152-1188.pdf>.
- Bromseth, Janne, og Anna Siverskog. 2023. „*Han gick in i garderoben igen*“: Äldre LGBTI-personers möte med vård och omsorg i Norden. Kaupmannahöfn: Norræna ráðherranefndin. <http://dx.doi.org/10.6027/temanord2023-547>.
- Davíðsdóttir, Elísa. 2017. „„Að alast upp annar en maður er“: Upplifun trans ungmenna af skólagöngu sinni“. MA-ritgerð í menntavísindum, Reykjavík: Háskóli Íslands. <http://hdl.handle.net/1946/28479>.
- Dong, Flóra Vuong Nu. 2025. „Heilsa og líðan hinsegin fólks“. Reykjavíkurborg og Samtökin '78. https://reykjavik.is/sites/default/files/2025-02/heilsa-og-lidan-hinsegin-folks-skyrsla-a-islensku_0.pdf.
- Duggan, Lisa. 2003. *The Twilight of Equality? Neoliberalism, Cultural Politics, and the Attack on Democracy*. Boston: Beacon Press.

- Einarsdóttir, Anna. 2013. „They Married for Love, but Keep It Quiet: Same-Sex Partners in Iceland“. *Sexualities* 16 (7): 788–806. <https://doi.org/10.1177/1363460713497213>.
- . 2016. „Family Matters: Women Who „Marry“ Women in Iceland“. *Journal of Sociology* 52 (2): 173–89. <https://doi.org/10.1177/1440783313507492>.
- Ellenberger, Íris. 2017. „Að flytja út mannréttindi: Hinsegin paradísin Ísland í ljósi samkynhneigðrar þjóðernishyggju og sögulegra orðræðna um fyrirmyndarsamfélög í norðri“. Í *Svo veistu að þú varst ekki hér: Hinsegin sagnfræði og hinsegin saga á Íslandi*, ritstýrt af Írisi Ellenberger, Ástu Kristínu Benediktsdóttur, og Hafdís Erlu Hafsteinsdóttur, 229–70. Reykjavík: Sögufélag.
- Ellenberger, Íris, og Þorsteinn Vilhjálmsson. 2024. „„No Bare Bottoms“: The Responsibilization of the Good Gay Citizen in Icelandic Media Discourses 1990–2010“. *Journal of Homosexuality* 71 (6): 1465–86. <https://doi.org/10.1080/00918369.2023.2174472>.
- Francis, Dennis, Aðalsteinn Haukstein Oddsson og Jón Ingvar Kjarran. 2020. „Creating a Queer Counter-Space in High Schools in Iceland and South Africa: A Drama-Inspired Pedagogical Approach“. Í *Schools as Queer Transformative Spaces: Global Narratives on Sexualities and Genders*, ritstýrt af Jóni Ingvari Kjarran og Helen Sauntson, 17–34. Routledge Research in Educational Equality and Diversity. Abingdon; New York: Routledge/Taylor & Francis Group.
- Freysteinsdóttir, Freydís Jóna. 2020. *Utangátta: „Það leikur sér enginn að því að vera samkynhneigður“*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands og Rannsóknarstofnun um barna- og fjölskylduvernd.
- Gísladóttir, Berglind, Bjarki Grönfeldt, Álfgeir Logi Kristjánsson og Inga Dóra Sigfúsdóttir. 2018. „Psychological Well-Being of Sexual Minority Young Adults in Iceland: Assessing Differences by Sexual Attraction and Gender“. *Sex Roles* 78 (7/8): 822–32.
- Grétarsson, Sigurður J. 1994. „Skýrsla nefndar um málefni samkynhneigðra“. Reykjavík: Forsætisráðuneytið.
- Gunnarsson, Hjörvar og Jón Ingvar Kjarran. 2024. „„Þú þarft að vera hvítur til að vera gay á Íslandi“: Upplifun samkynhneigðra karla af asískum uppruna“. Í *Fléttur VII: Hinsegin Ísland í alþjóðlegu samhengi*, ritstýrt af Ástu Kristínu Benediktsdóttur og Elínu Björk Jóhannsdóttur, 85–105. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Gunnlaugsson, Sigmundur Davíð. 2023. „How Trans Ideology Took over Iceland“. *The Spectator*. 26. ágúst 2023. <https://www.spectator.co.uk/article/how-trans-ideology-took-over-iceland/>.
- Gústafsdóttir, Guðný, Guðbjört Guðjónsdóttir og Ævar Þórólfsson. 2024. „Ofbeldi í nánnum samböndum og fjölskyldum hinsegin fólks á Íslandi“. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/Ofbeldi_i_fjolskyldum_og_nanum_sambondum_hinsegin_folks.pdf.
- Halldórsdóttir, Erla Hulda, Kristín Svava Tómasdóttir, Ragnheiður Kristjánsdóttir, og Þorgerður Hrönn Þorvaldsdóttir. 2020. *Konur sem kjósa: Aldarsaga*. Reykjavík: Sögufélag.
- „Hinsegin flóttafólk í hinsegin paradís: Félagsleg inngilding og útskúfun“. e.d. Þjóðarspejillinn: Félagsvísindasvið HÍ. Sótt 9. júlí 2024. <https://thjodarspejillinn.hi.is/felagsradgjof/hinsegin-flottafoolk-i-hinsegin-paradis-felagsleg-inngilding-og-utskufun/>.

Kortlagning á stöðu, líðan og réttindum hinsegin fólks á Íslandi

- Hjaltadóttir, Jóhanna Vígdís. 2023. „Finnur fyrir auknum stuðningi þrátt fyrir bakslag“. RÚV. 14. ágúst 2023. <https://www.ruv.is/frettir/innlent/2023-08-14-finnur-fyrir-auknum-studningi-thratt-fyrir-bakslag-389774/>.
- Hönnudóttir, Birta Ósk. 2023. „Trans kynvitund í kynjuðu samfélagi“. MA-ritgerð í kynjafræði, Reykjavík: Háskóli Íslands. <https://hdl.handle.net/1946/45734>.
- Håkansson, Ellen Geirsdóttir. 2022. „Vararkissaksóknari segir hinsegin hælisleitendur „auðvitað“ ljúga“. Vísir. 21. júlí 2022. <https://www.visir.is/g/20222289422d/vara-rikis-sak-soknari-segir-hin-segin-haelis-leitendur-aud-vidad-ljuga>.
- ILGA Europe. 2024. „Iceland - Rainbow Map“. Rainbow Map. 2024. <https://rainbowmap.ilga-europe.org/countries/iceland/>.
- „Íslenska æskulýðsrannsóknin“. 2024. Íslenska æskulýðsrannsóknin. 13. nóvember 2024. <https://iae.is/vefforrit/>.
- Jakobsdóttir, Katrín. 2022. „Tillaga til þingsályktunar um aðgerðaáætlun í málefnum hinsegin fólks 2022–2025“. Alþingi. 3. janúar 2022. <https://www.althingi.is/altext/152/s/0594.html>.
- Josephson, Jyl, Þorgerður Einaradóttir og Svandís Anna Sigurðardóttir. 2017. „Queering the Trans: Gender and Sexuality Binaries in Icelandic Trans, Queer, and Feminist Communities“. *European Journal of Women's Studies* 24 (1): 70–84. <https://doi.org/10.1177/1350506815625694>.
- Kjaran, Jón Ingvar. 2014. „Queering the Icelandic Upper Secondary Schools: Heteronormative Discourse and the Experiences of Queer Students in Icelandic Upper Secondary Schools“. Doktorsritgerð í menntavísindum, Reykjavík: Háskóli Íslands.
- . 2015. „„Flaming Gays“ and „One of the Boys“? White Middle-Class Boys, Queer Sexualities and Gender in Icelandic High Schools“. Í *Children, Sexuality and Sexualisation*, ritstýrt af Emma Renold, Jessica Ringrose og R. Danielle Egan, 209–23. New York: Palgrave Macmillan.
- . 2016. „„Faggi, tappi, lessa, feit eða heit“: Orðtíðni framhaldsskólanema um staðalmyndir kynhneigðar og kyngervis“. *Netla*. http://netla.hi.is/greinar/2016/ryn/09_ryn_arsrit_2016.pdf.
- . 2017. *Constructing Sexualities and Gendered Bodies in School Spaces: Nordic Insights on Queer and Transgender Students*. New York: Palgrave Macmillan.
- Kjaran, Jón Ingvar, og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson. 2010. „„Ég myndi alltaf enda með einhverri stelpu“: Eru framhaldsskólar á Íslandi gagnkynhneigðir?“ *Ráðstefnurit Netlu – Menntakvika 2010*. <http://hdl.handle.net/1946/7807>.
- . 2011. „Er rýmið í íslenskum framhaldsskólum gagnkynhneigt? Búningsklefinn, leikfímisalurinn og skólastofan“. Í *Rannsóknir í Félagsvísindum XII: Félags- og mannvísindadeild*, ritstýrt af Ásu Guðnýju Ásgeirsdóttur, Helgu Björnsdóttur, og Helgu Ólafs, 332–39. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. https://skemman.is/bitstream/1946/10261/3/Felagsogmannv_deild.pdf.
- . 2013. „Manifestations of Heterosexism in Icelandic Upper Secondary Schools and the Responses of LGBT Students“. *Journal of LGBT Youth* 10 (4): 351–72. <https://doi.org/10.1080/19361653.2013.824373>.

Kortlagning á stöðu, líðan og réttindum hinsegin fólks á Íslandi

- Kjerúlf, Birta B. 2022. „Kynjasambætting út fyrir kynjatvíhyggjuna: Staða og réttindi kvára og trans fólks innan stjórnmkerfisins á Íslandi“. Samtökin '78. <https://samtokin78.is/wp-content/uploads/2022/09/kynjasam-utfyrir-kynjatvihyggju.pdf>.
- Kristjónudóttir Jónsdóttir, Uglya Stefanía. 2017. „„Í hvernig nærfötum ertu núna?“ Upplifun trans fólks af transtengdri heilbrigðisþjónustu á Íslandi“. MA-ritgerð í kynjafræði, Reykjavík: Háskóli Íslands. <http://hdl.handle.net/1946/27178>.
- Nefnd um réttarstöðu samkynhneigðra. 2004. „Skýrsla um réttarstöðu samkynhneigðra“. Reykjavík: Forsætisráðuneytið. https://www.stjornarradid.is/media/forsaetisraduneyti-media/media/Skyrslur/Rettarstada_samkynhneigdra.pdf.
- Oldenburg, Ray. 1999. *The Great Good Place: Cafés, Coffee Shops, Bookstores, Bars, Hair Salons, and Other Hangouts at the Heart of a Community*. Cambridge (Mass.): Da Capo Press.
- Rögnvaldsson, Freyr. 2019. „Transkona um framgöngu Sigmundar Davíðs: „Ekkert annað en illgími““. Heimildin. 14. júní 2019. <https://stundin.is/grein/9176/>.
- „Samkynhneigð viðmið“. e.d. Hinsegin frá Ö til A. Sótt 14. nóvember 2024. <https://otila.is/vidhorf/stadlar/samkynhneigt-vidmid-homonormativity/>.
- „Samtökin 22“. e.d. Samtökin 22. Sótt 12. nóvember 2024. <https://www.samtokin22.is>.
- Sólveigar- og Guðmundsdóttir, Linda. 2023. „North-to-North Queer Migrations: Privileged Subjectivities and Belonging in Iceland“. *Gender, Place & Culture*, ágúst, 1–21. <https://doi.org/10.1080/0966369X.2023.2249250>.
- . 2024. „Queer(Ing) Migrations to Iceland: Homo(Trans)Nationalism, Migrant Hierarchy, and the Politics/Sense of (Un)Belonging“. Doktorsritgerð í mannfræði, Reykjavík: Háskóli Íslands. <https://hdl.handle.net/20.500.11815/4787>.
- Sólveigar- og Guðmundsdóttir, Linda, og Unnur Dís Skaptadóttir. 2017. „LGBQ Migrations: Racialization and (Un)Belonging in Iceland“. *lambda nordica* 22 (4): 40–65.
- Steinþórsdóttir, Alexandra Dögg. 2019. „The Ideal Refugee: A Study of the Status of LGBTQ Refugees in Iceland“. MA-ritgerð í alþjóðasamskiptum, Reykjavík: Háskóli Íslands. <http://hdl.handle.net/1946/32075>.
- Stephensen, Ólafur Sverrir. 2024. „Mapping Transgender Healthcare in Iceland: The Service Provided by the Trans-Team at Landspítali from 2012–2023“. MA-ritgerð í lýðheilsuvísindum, Reykjavík: Háskóli Íslands. <https://skemman.is/handle/1946/48721>.
- Stjórn Samtakanna '78. 2024. „Hinsegin réttindi til framtíðar“. Samtökin '78. 13. desember 2024. <https://samtokin78.is/hinsegin-rettindi-til-framtidar/>.
- Stryker, Susan. 2008. „Transgender History, Homonormativity, and Disciplinarity“. *Radical History Review*, tbl. 100, 145–57. <https://doi.org/10.1215/01636545-2007-026>.
- Sverrisdóttir, Ragnhildur. 2022. „„Mannréttindi okkar eru bara þunn skán““. *Hinsegin dagar í Reykjavík* 23:8–11.

Kortlagning á stöðu, líðan og réttindum hinsegin fólks á Íslandi

- Sverrisson, Ágúst Borgþór. 2024. „Adolf sakfelldur fyrir að smána og ógna Samtökunum 78 – „Þið verðið drepin““. DV. 25. október 2024. <https://www.dv.is/frettir/2024/10/25/adolf-sakfelldur-fyrir-ad-smana-og-ogna-samtokunum-78-thid-verdid-drepin/>.
- Sæmundsdóttir, Tóttla I., og Daníel E. Arnarsson. 2020. „Könnun á líðan hinsegin ungmenna í skólaumhverfi“. Samtökin '78. https://k3r6k4a9.rocketcdn.me/wp-content/uploads/2020/08/Skolakonnun_GLSEN_FINAL.pdf.
- „Vegna umræðu um hinsegin- og kynfræðslu“. 2023. Menntamálastofnun. 14. september 2023. <https://mms.is/frettir/vegna-umraedu-um-hinsegin-og-kynfraedslu>.
- Vilhjálmsson, Þorsteinn. 2022. „Into the Enclosure: Collective Memory and Queer History in the Icelandic Documentary „People Like That““. *NORA - Nordic Journal of Feminist and Gender Research* 30 (3): 208–20. <https://doi.org/10.1080/08038740.2022.2080257>.
- . 2024. „The Centrifugal Force: Neoliberalism and Nationality in Iceland’s Marriage Equality Debate 1996–2015“. *Journal of the History of Sexuality* 33 (3): 390–417. <https://doi.org/10.7560/JHS33304>.
- Vilhjálmsson, Þorsteinn, og Íris Ellenberger. 2024. „Queer Joy, Queer Killjoy: Queerness, Nation, and Affect in the Reykjavík Pride Parade 2000–2019“. *Gender, Work & Organization*, 1–20. <https://doi.org/10.1111/gwao.13182>.
- „Yfirlýsing Norrænu hinsegin öldrunarráðstefnunnar í Stokkhólmi 6. október 2024“. 2024. Samtökin '78. 6. október 2024. https://samtokin78.is/yfirlysing_hinsegin_oldrunarradstefnu/.
- Zoëga, Gylfi, og Andri Sigmarsson Scheving. 2023. „Hinsegin fólk á vinnumarkaði“. R 23:01. Hagfræðideild Háskóla Íslands. <https://ioes.hi.is/sites/ioes.hi.is/files/2023-11/R2301.pdf>.
- „Þingsályktun um aðgerðaáætlun í málefnum hinsegin fólks fyrir árin 2022–2025“. 2022. Alþingi. 13. júní 2022. <https://www.althingi.is/alttext/152/s/1228.html>.
- Þorsteinsson, Einar Baldvin, Natasha M. Loi, Sigrún Sveinbjörnsdóttir og Ársæll Arnarson. 2017. „Sexual Orientation among Icelandic Year 10 Adolescents: Changes in Health and Life Satisfaction from 2006 to 2014“. *Scandinavian Journal of Psychology* 58 (6): 530–40. <https://doi.org/10.1111/sjop.12402>.
- Þorvaldsdóttir, Þorbjörg. 2023. „Hvaða bakslag?“ Hinsegin dagar. 1. ágúst 2023. <https://hinsegingadagar.is/hvada-bakslag/>.

Viðauki 1: Kynningarbréf

Kynningarbréf vegna rannsóknarinnar: „Kortlagning á stöðu hinsegin fólks á Íslandi“

Reykjavík, 20. febrúar 2024.

Ágæti viðtakandi,

Með þessu bréfi er ætlunin að kynna fyrir þér rannsóknina „Kortlagning á stöðu hinsegin fólks á Íslandi“. Rannsóknin er að frumkvæði forsætisráðuneytisins í samræmi við þingsályktun um aðgerðaáætlun í málefnum hinsegin fólks fyrir árin 2022–2025 (nr. 21/152). RIKK – Rannsóknarstofnun í jafnréttisfræðum við Háskóla Íslands var fengin til að framkvæma rannsóknina. Markmiðið er að byggja upp mynd af líðan og stöðu hinsegin fólks á Íslandi og komast að því hvernig bæta megi ástandið með lagasetningu og öðrum aðgerðum. Til þess að gera megi grein fyrir stöðunni verða tekin viðtöl. Við vonum að þú viljir taka þátt í slíku viðtali.

Rekjanleiki og geymsla gagna

Farið verður með allar upplýsingar sem trúnaðargögn í samræmi við lög um persónuvernd. Viðtöl verða tekin upp og afrituð. Við afritun verður stuðst við gervinöfn og þess gætt að hvers kyns upplýsingum sem kunna að gera viðtölin persónugreinanleg verði eytt. Afritanir af upptökum verða geymdar í læstri möppu á svæði rannsakanda. Enginn annar en rannsakandinn mun hafa aðgang að möppunni. Að rannsókn lokinni, síðla árs 2024, verður gögnunum eytt.

Áhætta og umbun

Umræða um stöðu og líðan fólks getur vakið upp erfiðar tilfinningar hjá þeim sem rætt er við. Verkefnið er unnið í samstarfi við Samtökin '78 og sérstaklega ráðgjafabjónustu Samtakanna, sem er boðin og búin að veita hvers kyns stuðning á faglegum forsendum ef þörf er á. Þátttaka þín er byggð á frjálsum vilja og þér er frjálst að hætta þátttöku á hvaða stigi rannsókna sem er án útskýringa eða eftirmála.

Upplýst samþykki

Í einhverjum tilfellum kynnu að vera tekin viðtöl við ungmenni. Foreldrar og ungmenni fá afhent upplýst samþykkisbréf sem útskýrir ítarlega þátttöku, skyldur og réttindi hvers hóps. Öllum þátttakendum er frjálst að hafna eða hætta þátttöku á hvaða stigi sem er, án útskýringa eða eftirmála.

Ábyrgðarmaður rannsóknarinnar er prófessor Irma Erlingsdóttir, forstöðumaður RIKK (irma@hi.is).

Rannsakandi er Þorsteinn Vilhjálmsson, doktorsnemi við HÍ (tov@hi.is).

Samstarfsaðilar að þessari rannsókn eru Samtökin '78 og forsætisráðuneytið.

Ef einhverjar spurningar vakna má hafa samband við ábyrgðarmenn rannsóknarinnar í gegnum ofangreind netföng.

Undirskrift ábyrgðarmanns/rannsakanda

Viðauki 2: Upplýst samþykki

Upplýst samþykki fyrir þátttakendur í rannsókninni

„Kortlagning á stöðu hinsegin fólks á Íslandi“

Markmið og tilgangur rannsóknarinnar

Með þessu eyðublaði getur þú veitt upplýst samþykki fyrir þátttöku í rannsókninni „Kortlagning á stöðu hinsegin fólks á Íslandi“. Rannsóknin er gerð að frumkvæði forsætisráðuneytisins í samræmi við þingsályktun um aðgerðaáætlun í málefnum hinsegin fólks fyrir árin 2022–2025. RIKK – Rannsóknarstofnun í jafnréttisfræðum við Háskóla Íslands var fengin til að framkvæma rannsóknina. Markmiðið er að búa til yfirsýn yfir líðan og stöðu hinsegin fólks á Íslandi í dag og komast að því hvernig bæta megi ástandið. Til þess að þetta geti orðið að veruleika verða tekin viðtöl við hinsegin fólk. Ef þú vilt taka þátt, mátt þú skrifa undir hér fyrir neðan.

Þátttökufarli

Í þessari rannsókn verður stuðst við hálf-formgerð viðtöl. Ef þú tekur þátt í rannsókninni verður þú beðin/beðinn/beðið um að svara spurningum um félagslega stöðu og líðan, aðgengi að vinnumarkaði, félagslegri þjónustu og heilbrigðiskerfinu, tilfinningu fyrir réttindum og hugmyndir að aðgerðum til að betrubæta allt fyrrnefnt. Viðtölin fara fram yfir fjarfundabúnað, á heimili eða á þriðja stað (svo sem bókasafni eða félagsmiðstöð).

Rekjanleiki og geymsla gagna

Farið verður með allar upplýsingar sem trúnaðargögn í samræmi við lög um persónuvernd. Viðtöl verða tekin upp og afrituð. Við afritun verður stuðst við gervinöfn og þess gætt að hvers kyns upplýsingum sem kunna að gera viðtölin persónugreinanleg verði eytt. Afritanir af upptökum verða geymdar í læstri möppu á svæði rannsakanda. Enginn annar en rannsakandinn mun hafa aðgang að möppunni. Að rannsókn lokinni, síðla árs 2024, verður gögnunum eytt.

Áhætta og umbun

Umræða um stöðu og líðan fólks getur vakið upp erfiðar tilfinningar hjá þeim sem rætt er við. Verkefnið er unnið í samstarfi við Samtökin '78 og sérstaklega ráðgjafajónustu Samtakanna, sem er boðin og búin að veita hvers kyns stuðning á faglegum forsendum ef þörf er á. Þátttaka þín er byggð á frjálsum vilja og þér er frjálst að hætta þátttöku á hvaða stigi rannsókna sem er án útskýringa eða eftirmála. Umbun er ekki veitt fyrir þátttöku.

Ábyrgðarmaður rannsóknarinnar er prófessor Irma Erlingsdóttir, forstöðumaður RIKK (irma@hi.is).

Rannsakandi er Þorsteinn Vilhjálmsson, doktorsnemi við HÍ (tov@hi.is).

Samstarfsaðilar að þessari rannsókn eru Samtökin '78 og forsætisráðuneytið.

Ef einhverjar spurningar vakna má hafa samband við ábyrgðarmenn rannsóknarinnar í gegnum ofangreind netföng.

() Ég samþykki að taka þátt í þessari rannsókn.

Staður og dagsetning, undirskrift þátttakanda:

Ég staðfesti að ég hef upplýst ofangreindan þátttakanda um tilgang og eðli rannsóknarinnar og um gagnkvæmar skyldur þátttakanda og rannsakanda.

Þorsteinn Vilhjálmsson, rannsakandi

Viðauki 3: Spurningalisti

Spurningalisti vegna rannsóknarinnar

„Kortlagning á stöðu hinsegin fólks á Íslandi“

Í þessu skjali má finna spurningalista fyrir rannsóknina „Kortlagning á stöðu hinsegin fólks á Íslandi“. Rannsóknin er að frumkvæði forsætisráðuneytisins í samræmi við þingsályktun um aðgerðaáætlun í málefnum hinsegin fólks fyrir árin 2022–2025 (nr. 21/152). RIKK – Rannsóknarstofnun í jafnréttisfræðum við Háskóla Íslands var fengin til að framkvæma rannsóknina. Rannsakandi er Þorsteinn Vilhjálmsson, doktorsnemi við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Ábyrgðarmaður er Irma Erlingsdóttir, forstöðumaður RIKK. Markmiðið er að byggja upp mynd af líðan og stöðu hinsegin fólks á Íslandi og komast að því hvernig bæta megi ástandið með lagasetningu og öðrum aðgerðum. Til þess að gera megi grein fyrir stöðunni verða tekin hálf-formgerð viðtöl. Upplýsts samþykkið verður aflað áður en viðtöl fara fram.

Spurningalisti fyrir viðtölin er eftirfarandi:

1. Grunnupplýsingar (nafnlausar)
 - a. Hvaða persónufornafn notar þú?
 - b. Hvað ertu gamall/gömul/gamalt?
 - c. Hvar fæddist þú?
 - d. Hvar býrðu í dag?
 - e. Hvernig skilgreinir þú sjálfan þig?
2. Meginhluti rannsóknar
 - a. Hefur þú lent í einhverjum erfiðleikum með að fá vinnu eða halda vinnu?
 - b. Hvað með annað hinsegin fólk í kringum þig eða sem þú þekkir?
 - c. Hefur þú nýtt þér félagslega þjónustu, til dæmis stuðningsþjónustu sveitafélaga, félagsráðgjöf og þvíúmlíkt, eða haft þörf fyrir hana?
 - d. Hvað með annað hinsegin fólk í kringum þig eða sem þú þekkir?
 - e. Finnst þér þú hafa góða reynslu og gott aðgengi að heilbrigðiskerfinu?
 - f. Hvað með annað hinsegin fólk í kringum þig eða sem þú þekkir?
 - g. Hvaða lagalegu réttindi sem hinsegin fólk nýtur á Íslandi finnast þér mikilvæg og hvers vegna?
 - h. Hvernig finnst þér þú standa að vígi félagslega?
 - i. Hvað með annað hinsegin fólk í kringum þig eða sem þú þekkir?
 - j. Hvernig myndir þú lýsa þinni líðan almennt?
 - k. Hvað með annað hinsegin fólk í kringum þig eða sem þú þekkir?
 - l. Hefur þú orðið fyrir fordómum, áreitni eða mismunum vegna hinseginleika þíns?
 - m. Hvað með annað hinsegin fólk í kringum þig eða sem þú þekkir?
 - n. Hefur þú fundið fyrir bakslagi í viðhorfi til hinsegin fólks, á eigin skinni eða almennt í þjóðfélaginu?
 - o. Hvað með annað hinsegin fólk í kringum þig eða sem þú þekkir?
3. Niðurlag
 - a. Ert þú með einhverjar hugmyndir að aðgerðum til að bæta stöðu hinsegin fólks á Íslandi, til dæmis út frá eigin reynslu?
 - b. Er eitthvað fleira sem þig langar að bæta við?

Reykjavík, 27. febrúar 2024,

Þorsteinn Vilhjálmsson, rannsakandi

Viðauki 4: Viðtalsvísir

Viðtalsvísir vegna rannsóknarinnar „Kortlagning á stöðu hinsegin fólks á Íslandi“

Í þessu skjali má finna viðtalsvísi fyrir rannsóknina „Kortlagning á stöðu hinsegin fólks á Íslandi“. Rannsóknin er að frumkvæði forsætisráðuneytisins í samræmi við þingsályktun um aðgerðaáætlun í málefnum hinsegin fólks fyrir árin 2022–2025 (nr. 21/152). RIKK – Rannsóknarstofnun í jafnréttisfræðum við Háskóla Íslands var fengin til að framkvæma rannsóknina. Markmiðið er að byggja upp mynd af líðan og stöðu hinsegin fólks á Íslandi og komast að því hvernig bæta megi ástandið með lagasetningu og öðrum aðgerðum. Til þess að gera megi grein fyrir stöðunni verða verða tekin hálf-formgerð viðtöl.

Viðtölin fara fram á eftirfarandi hátt:

- 1) Inngangur þar sem farið er yfir upplýsingar um rannsóknina og upplýst samþykki er undirritað.
- 2) Meginhluti þar sem spurt er um viðfangsefni rannsóknarinnar:
 - a. félagslega stöðu
 - b. líðan
 - c. aðgengi að vinnumarkaði
 - d. aðgengi að félagslegri þjónustu
 - e. aðgengi að heilbrigðiskerfinu
 - f. notkun á og tilfinningu fyrir lagalegum réttindum
 - g. bakslag í viðhorfi til hinsegin fólks

(Spurningalisti fylgir með í öðru fylgiskjali).

- 3) Niðurlag þar sem þátttakanda er gefinn kostur á að bæta við einhverju sem hann vill hugsanlega koma á framfæri, sérstaklega tillögum og hugmyndum að aðgerðum, lagalegum og félagslegum, til hagsbóta hinsegin fólki á Íslandi.

Reykjavík, 27. febrúar 2024,

Þorsteinn Vilhjálmsson, rannsakandi
